

Minnisstæð augnablik

Hvaða myndlistar-, tónlistar- og menningarviðburði bar hæst árið 2008?



10

ÁRIÐ HELGAÐ STJÖRNUFRÆÐI

400 ár frá uppgötvun Galíleó Galílei



12

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. janúar 2009 — 3. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



MARTRÖÐ Í MANCHESTER


Mark Hughes og félagar í Manchester City voru slegnir út af B-deildarliði Nottingham Forest í ensku bikarkeppninni

ÍPRÓTTIR 18



FYLGIÐ Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGUR VINDUR í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s víðast hvar. Dáltil rigning eða súld sunnan- og suðvestanlands en yfirleitt úrkomulaust og bjart norðan til. Hiti á bilinu 0-7 stig.

VEÐUR 4

Einkennileg hugmynd um alþingiskosningar

Varaformaður Sjálfstæðisflokks hafnar hugmyndum formanns Samfylkingar um alþingiskosningar samhliða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við ESB. Einkennilegt væri að bjóða upp á tvennar þingkosningar á einu ári.

STJÓRN MÁL „Þetta hlýtur að vera úthugsað hjá þeim en þessi afstaða formanns Samfylkingarinnar er samt einkennileg,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, um þá tillögu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að kosið verði til Alþingis samfara hugsanlegri þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Þorgerður bendir á að ef ákveðið verði að fara í aðildarviðræður þá gæti það ferli tekið tólf til sextán mánuði. Ef síðan næðist samkomulag um aðild þá þyrfti að breyta stjórnarskrá til þess að af henni gæti orðið.

„Til þess þarf að kjósa vegna

þess að tvö mismunandi þing þurfa að samþykkja breytingu á stjórnarskrá. Og ef það á að fara kjósa til þings samfara þjóðaratkvæðagreiðslu þá mun þingið ekki fá neitt svigrúm til þess að fara yfir efnismiklar stjórnarskrárbreytingar. Ég trúi því einfaldlega ekki að menn ætlist til þess að það verði kosið tvisvar á einu ári til Alþingis. Það væri nú ekki til að einfalda málin og stuðla að þeirri auknu festu í samfélaginu sem við þurfum,“ segir Þorgerður.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur nefnt þann möguleika að þjóðin greiði atkvæði um hvort fara eigi í aðildarviðræður. Þorgerður segir það fyrirkomulag

vissulega koma til greina þótt hún sé ekki reiðubúin að taka af skarið um það núna hvort það sé rétta leiðin.

„Þingið ætti að minnsta kosti að taka þá pólitísku ákvörðun,“ segir Þorgerður, sem sjálf kveðst sífellt sannfærðari um að rétt sé að ganga til viðræðna að ákveðnum forsendum gefnum sem varða auðlindir Íslendinga. Sjálfstæðismenn muni fyrir sitt leyti taka skýra afstöðu til Evrópumála á komandi landsfundi. „Eins og menn vita eru skiptar skoðanir innan flokksins en stjórnámálemenn eiga að taka skýra afstöðu á grundvelli upplýsinga og það munum við gera.“

- gar /sjá síðu 6



ÞÚSUNDIR Á AUSTURVELLI Samtökin Raddir fólksins stóðu fyrir þrettánda mótmælafundinum undir yfirskriftinni Breiðfylking gegn ástandinu á Austurvelli í gær. Skipuleggjendur fundarins telja allt að 5.000 manns hafa verið viðstadda, en lögregla segir fjöldann nokkuð minni. Hin átta ára gamla Dagný Dimmblá Jóhannsdóttir hélt ræðu við góðar undirtektir. sjá síðu 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Íslenskir útgefendur gerðu rúmlega 140 samninga við erlend forlög: Setja nýtt met í útgáfusamningum


MENNING Íslenskir bókaútgefendur gerðu rúmlega 140 samninga við erlenda útgefendur á árinu sem var að líða. Stærsti útgefandinn, Forlagið, gerði ríflega 130 samninga árið 2008. Mestu munar þar um Arnald Indriðason.

Ekki er um einsleitan hóp útgefanda frá nágrannabjóðunum að ræða því kóreskir, indverskir og kínverskir bókaormar geta brátt nálgast íslenskar bækur á eigin tungumáli.

Smærri útgefendur stóðu líka stórræðum á árinu. Pétur Már Ólafsson í Veröld gerði sjö útgáfusamninga vegna bóka Yrsu Sigurðardóttur. Kristján Kristjánsson hjá Uppheimum seldi síðan réttinn að tveimur bókum Ævars Arnar Jósepssonar til þýska risans btb.

Konur þykja áhugaverður kostur í augum erlendra útgefanda en auk Yrsu gerðu bæði Auður Jónsdóttir og Guðrún Eva Mínervudóttir samninga við áðurnefnt btb.

- fgg



OPIÐ 11-19 ALLA DAGA
ÚTSALAN í fullum gangi



www.IKEA.is



SKÓR VIÐ DOWNINGSTRÆTI Margir mótmælenda í Lundúnaborg skildu skótatau sitt eftir við bústað forsætisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skóm fleygt í Downingstræti:

Þúsundir mótmæla árásum

LONDON, AP Tugþúsundir mótmæltu vikulöngum árásum Ísraels hers gegn Hamas-liðum á Gazasvæðinu víða í stórborgum Evrópu í gær og þrýstu á ráðamenn að þeir beiti sér fyrir því að vopnahlé verði gert.

Margir mótmælenda í Lundún-um í Bretlandi köstuðu skóm sínum að bústað Gordons Brown forsætisráðherra og veifuðu fána Palestínumanna.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, studdi um helgina sameiginlegt vopnahlé en varði á sama tíma árásir Ísraels hers sem hann sagði sjálfsvörn.

- jab

Fjöldi eignarhaldsfélaga:

Preföldun á fjórum árum

VIÐSKIPTI Einkahlutafélögum sem hafa það hlutverk að kaupa og selja hlutabréf, svokölluðum eignarhaldsfélögum, hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum. Eignarhaldsfélögin voru um 1.150 talsins í lok árs 2004 en eru nú 3.300.

Um þriðjungur útlána viðskiptabankanna var til hlutafjárkaupa eignarhaldsfélaga, að sögn Vilhjálms Bjarnasonar, framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta.

Oft verður til flókin keðja eignatengsla þegar eignarhaldsfélög eiga í öðrum eignarhaldsfélögum, segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

- bj /sjá síðu 4




Útsala
Opið 13-18



ÞAÐ VAR SVONA
SEM VIÐ HUGSUÐUM ÞAÐ

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ



SAGA CLASS SÆTI

VIÐ KYNNUM: **ENN BETRI ÞJÓNUSTU Á SAGA CLASS**

Við þekkjum öll tilfinninguna að koma heim. Setjast í stólinn sinn eða sófann, kveikja á lamp-
anum, sjónvarpinu, tölvunni eða taka upp bók.
Vera heima í þægilegheitum.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum
í huga við breytingar á flugflota Icelandair. Meðal
nýjunga eru ný og rýmri leðursæti á Saga Class með
rafmagnsinnstungu fyrir tölvu og nýtt afþreyingarkerfi

þar sem boðið er upp á fjölbreytt úrval af kvikmynd-
um, sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum.

Við fækkuðum einnig um eina sætaröð svo að nú er
rýmra um alla farþega. Við vildum gera flugferðina að
öðru og meira en því að komast á milli staða.

Það var þannig sem við hugsuðum það.
Verið velkomin um borð.



Vorönn 2009

VIÐSKIPTANÁM

Skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritara og við bókhald. Kennend er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

Tölvugreinar:

Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni:

Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf, íslensk og ensk. Sölugæfni og markaðsmál.

Lengd: 260 std. Verð kr. 199.000,-

Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvu- og bókhaldsgreinar. Lengd 200 std. Verð kr. 153.000,-

Bókhald 1

Fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu og styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Verslunarreikningur, VSK, handfært og tölvufært bókhald. Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-

Bókhald 2

Stutt og sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem hafa einhverja bókhaldsreynslu. Upprifjun á fjárhagsbókhaldi, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur. Launabókhald, launamiðar, launaframtöl og skil til skatts. Afstemmingar og skil til endurskoðenda. Lengd 32 std. Verð kr. 36.000,-

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn en vilja þjálfun í tölvufærðu bókhaldi í þessu útbreidda bókhaldsforriti. Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,-

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna. Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

VEFUR – GRAFÍK – MYNDVINNSLA

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

Photoshop – Illustrator – InDesign

Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-



Vefsíðugerð – grunnur. Photoshop og Dreamweaver

Lengd: 47 std. Verð kr. 49.000,-

Vefsíðugerð frh. Dreamweaver – HTML – Javascript

Lengd: 31 std. Verð kr. 32.000,-

Stök forrit	St.fj	Verð
Dreamweaver	26	29.000,-
Excel frh. (Stjórn og skipulag)	14	24.000,-
Excel grunnur	21	24.000,-
Flash	21	24.000,-
Illustrator	37	44.000,-
Office 2007 kynning	5	7.900,-
Outlook	10	15.000,-
Photoshop – grunnur	21	24.000,-
PowerPoint	10	15.000,-
Stafrænar myndavélar	14	15.000,-
Word ritvinnsla	21	24.000,-

Almenn námskeið

Tölvunám byrjenda. Námskeið ætlað algjörum byrjendum á öllum aldri. Lengd: 42 std. Verð kr. 32.900,-

Almennt tölvunám. Windows – Word – Excel – Internet – Outlook
Lengd: 58 std. Verð kr. 44.900,-

ECDL tölvunám. Ítarlegt tölvunám sem lýkur með alþjóðlegri vottun. Windows – Word – Excel – PowerPoint – Internet – Outlook.
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-



JANÚAR ÚTSALA

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

JVC SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 80 ÞÚSUND KRÓNA AFSLÆTTI

37" LCD SJÓNVARP

FULLT VERÐ 239.990

TILBOÐ 199.990

GRUNDIG AFSL. 40.000

22" LCD MEÐ DVD

FULLT VERÐ 79.990

TILBOÐ 59.990

UNITED AFSL. 20.000 / 25%

HEIMABÍÓ MEÐ ALLT AÐ

JBL **40% AFSLÆTTI** JVC

40% AFSLÁTTUR

Panasonic enox. PHILIPS

STAFRÆN JVC TÖKUVÉL

FULLT VERÐ 64.990

TILBOÐ 39.990

JVC AFSL. 25.000 / 38%

HÁTALARAR FYRIR MP3 OG IPOD MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JBL

PHILIPS

harman/kardon



STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

Panasonic

OLYMPUS

CASIO

Nikon

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 12-17 – SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



Minnisstaðustu augnablik ársins

Hvaða myndlistar-, tónlistar- og menningarviðburði bar hæst árið 2008? *Anna Margrét Björnsson* heyrði í nokkrum listunnendum af yngri kynslóðinni um hvaða viðburðir voru þeim ógleymanlegir á síðasta ári.

Fjórði júlí minnistæðastur

Sigtryggur Berg Sigmarsson myndlistarmaður

„Það sem stóð upp úr hjá mér árið 2008 var dagurinn fjórði júlí en þar fóru bræðurnir Snorri Ásmundsson og Ásmundur Ásmundsson á kostum. Snorri hélt bæna-stund fyrir heimsfriði í Hljómskálagarðinum þennan dag og hljómsveitin Evil Madness spilaði undir. Þetta var alveg svakalegur viðburður og það undarlega við hann var að á sama tíma hinum

megin við götuna var Jón Ásgeir Jóhannesson að halda afmælispartí og hafði fengið Ný dönsk til að spila. Böndin tvö voru að keppast um hvort gat spilað hærra og það endaði með því að mikill rigur upphófst og hljómsveitarmeðlimir urðu að ræða saman og sættast. Hið góða vann hið illa á endanum. Ásmundur Ásmundsson tók svo þátt í samsýningunni Á barmi einhvers II í Gallerí Kling og bang á Laugaveginum sem opnaði einmitt þann fjórða júlí. Mér fannst hann vera með bestu innsetninguna á sýningunni sem hann titlaði „I am merely a curator“. Ásmundur er mikill snillingur og yndislegur maður.“

Ógleymanlegur Ísafjörður

Anna Clausen stílisti

„Tónlistarhátiðin Aldrei fór ég suður var alveg einstakur atburður fyrir mig á síðasta ári. Þetta var í fyrsta sinn sem ég hafði komið til Ísafjarðar og eftir átta klukkustunda akstur tóku örn og fálki á móti okkur á flugi við bæjarmynnið. Hápunktur hátiðarinnar var sérstök ferð farin til Flateyrar sem Mugison og faðir hans skipulögðu. Við vorum illa haldin af þynnku þegar rúta náði í okkur og fór með okkur í páskamessu í kirkjunni í Holti. Heimamenn tóku afar vel á móti okkur og voru ánægðir með að fylla

kirkjuna af hamingjusömum ferðamönnum. Eftir messu heimsóttum við svo stórkostlegt hljóðver sem heitir Tankurinn. Sundsprettur í lauginni læknaði það sem eftir var af timburmönnum og kvöldið endaði svo með frábærum málsverði í félagsheimilinu þar sem fólk tók undir í söng og ræðuhöldum. Allt þetta, ásamt framúrstefnulegri tónlist og stórbrotinni náttúrunni allt í kring, gerði ferðina ógleymanlega. Annar menningarhápunktur í

uppáhaldi hjá mér á síðasta ári var sýning Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur í Gallerí Kling og bang. Hún er einstaklega fram-sækinn íslenskur listamaður og hún sameinar sjónlist, gjörningalist og texta á einstakan hátt. Ég elska verkin hennar. Að lokum finnst mér Jón Jónsson eiga lof skilið fyrir að flytja inn allt frá Sebastian Tellier til Carls Craig til landsins. Ég vona að stuði haldi áfram árið 2009!“

Stórkostlegir tónleikar Sigur Rósar

Jón Trausti Sigurðarsson hjá Reykjavík Grapevine

„Hvað tónlist varðar árið 2008 finnst mér tíunda Iceland Airwaves-hátiðin minnistæðust. Að vísu þótti mér hún ívið slakari en fyrri ár en hún stóð engu að síður fyrir sínu. Ég vona innilega að þetta hafi ekki verið síðasta hátiðin sem haldin verður. Eins fundust mér tónleikar Sigur Rósar í Laugardalshöllinni alveg stórkostlegir og þeir bera hæst af öllum tónleikum ársins. Jóladaगतal Norræna hússins var mjög skemmtilegt og það sem mér er minnistæðast hvað listir varðar. Norræna húsið

hélt dagskrá gangandi frá 1. desember til 23. desember en þar kom rjóminn af íslenskum listamönnum fram, meðal annars Björk. Bestakvikmynd ársins finnst mér heimildarmyndin Kjötborg um þá Kjötborgarbræður. Ég er stoltur af því að hafa verið í reikningi hjá þessari góðu verslun. Svo var RIFF-kvikmyndahátiðin í september mikil frelsun frá oft annars litlausu bíóári.“

Hús í tjörninni og hafmeyjur í Hveragerði

Kitty Von Sometime, listakona og plötusnúður

„Ég dýrkaði litla rauða húsið eftir Halldór Úlfarsson og Tea Makipaa sem var hálf-sökkt ofan í tjörnina í Reykjavík á lista-hátið. Ég er mjög hrifin af svona einfaldri list sem er samt svo áhrifamikil. Ég sá húsið fyrst þegar ég hjólaði heim til mín eftir kvöld úti á lífinu og snar-bremsaði til þess að skoða það betur í nætursólinni. Annar hápunktur menningarlífsins á síðasta ári voru Náttúrutónleikarnir í Laugardal þar sem Björk, Sigur Rós, Ghostigital og Ólöf Arnalds leiddu saman hesta sína. Eitt af því sem ég helst sakna frá því að ég bjó í London er magnið þar af ókeypis tónleikum sem haldnir eru utandyra. Það er hægt að sækja slíka tónleika með vinum sínum og hitta aðra og gera sér gláðan dag. Náttúrutónleikarnir uppfylltu allar þessar óskir þar sem andrúmsloftið var jákvætt og magnað og veðrið var frábært. Að lokum er það mitt eigið listaverkefni með hópnum Weird Girls sem er mér sterkast í minni. Ég held ekki að neinn í Hveragerði muni fljótt gleyma sextán skínandi bláum spandex-hafmeyjum sem yfirtóku sundlaugina í Laugaskarði. Við skemmtum okkur stórkostlega. Þarna tókum við upp þátt númer sex af Weird Girls sem einnig er sá vinsælasti.“

Náttúrutónleikarnir stóðu upp úr


Elsa María Jakobsdóttir sjónvarpskona

„Fyrir mér voru það tónleikarnir Náttúra sem stóðu upp úr hvað menningarviðburði varðar á síðasta ári. Þetta var frábært framtak og verðugt málefni og mér fannst áberandi hvað samstaða var mikil hjá fólki til þess að láta þennan viðburð ganga upp. Tónleikum var slegið upp með frekar litlum fyrirvara og mér fannst þetta gott dæmi um hversu hratt og vel hlutirnir geta gerst hér heima á Íslandi. Þess utan var dagurinn yndislegur í alla staði og gekk fullkomlega upp – veðrið var yndislegt og stemningin góð. Það var eitthvað alveg einstakt í loftinu þennan dag. Hápunktur tónleikanna var að mínu mati þegar blásarastúlkurnar þrómuðu á sviði við lag Bjarkar Guðmundsdóttur Brennið þið vitar. Reyndar fannst mér líka tónleikar Bjarkar í Langholtskirkju alveg frábærir. Það var gaman að sjá hana í svona mikilli nánd.“

Töfrandi stund í Langholtskirkju

Ása Briem útvarpskona

„Eftirminnilegasti listviðburðurinn að mínu mati voru tónleikar í Langholtskirkju laugardaginn sjötta september þegar Anna Guðný Guðmundsdóttir lék á píanó verk Oliviers Messiaen; Vingt Regards sur l'Enfant-Jésus (Tuttugu tillit til Jesúbarnsins). Rás 1 átti frumkvæðið að því að minnast aldarafmælis Messiaens með því að láta hljóðrita þetta stórmerkilega tónverk. Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur var boðið hið ærna einleikshlutverk, en hún er fyrst íslenskra píanóleikara til að flytja



verkið í heild sinni. Í kjölfarið ákvað hún að halda upp á sitt eigið merkisafmæli með því að bjóða landsmönnum að heyra afraksturinn á tónleikum. Það var mjög sérstök tilfinning að ganga inn í Langholtskirkju á tónleikadag, í blóðskaparhaustveðri og á heldur óhefðbundnum tónleikatíma. Við tók töfrandi stund og ógleymanlegir tónleikar. Himneskir og fallegir, eins og Anna Guðný sjálf lýsti verkinu í einhverju viðtali. Alveg örugglega eftirminnilegasti listviðburðurinn á árinu!“

Áhrifamikil ný leiklistarhátíð

Sigtryggur Magnason rithöfundur

„Alþjóðlega leiklistarhátíðin Lókal var haldin í fyrsta sinn í mars og var hápunktur hátíðarinnar að mínu mati sýning Oklahoma Nature Theater frá New York á verkinu No Dice. Kannski fór ekki mikið fyrir þessari hátíð í almennri umræðu en ég tel að áhrif hennar á leikhúsfólk, og þá kannski sérstaklega yngri kynslóðirnar, hafi verið mikil og eigi eftir að koma betur fram á næstu árum. Alþjóðlegt samstarf í listum snýst fyrst og fremst um innblástur og það að kynna nýjum aðferðum til að skapa. Framsæknir



alþjóðlegir straumar eins og bárust okkur á Lókal eru nauðsynlegir fyrir íslenskt leikhús, þeir veita okkur annað og nýtt sjónarhorn á eigin sköpun og menningu. Fyrir lítinn leikhúshæim er fátt mikilvægara. Lókal var mikilvægt framlag Ragnheiðar Skúladóttur, Bjarna Jónssonar og annarra aðstandenda Lókals til íslenska leikhússins árið 2008. Vonandi verður framhald á.“

SPILAÐ FYRIR NÁTTÚRUNA Tónleikarnir Náttúra í Laugardalnum voru í margra augum minnistæðasti menningarviðburður ársins 2008

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Efðu lífsorkuna

í einstakri íslenskri heilsulind

2 fyrir 1
í Bláa lónið

Gildir gegn framvísun
miðans til 1. mars 2009

BLUE LAGOON
ICELAND

Frítt fyrir börn, 11 ára og yngri, í fylgd með forráðamönnum

Lykill 1561

PETTA GERÐIST: 4. JANÚAR ÁRIÐ 1965

Skáldið T.S. Eliot kveður

Thomas Stearns Eliot, ljóðskáld og bókmenntagagnrýnandi, var sonur viðskiptajöfursins Henry Ware Eliot og Charlotte Champe Stearns, sem orti einnig ljóð, og yngstur sex systkina. Hann fæddist í Bandaríkjunum 26. september árið 1888 og fluttist til Bretlands 25 ára að aldri. Meðal frægustu ljóða hans eru Love Song of J. Alfred Prufrock, The Waste Land og The Hollow Men.

T.S. Eliot lagði stund á latínu, grísku, frönsku og þýsku við Smith Academy. Foreldrar hans sendu hann svo í Milton-háskóla, en þaðan fór hann í Harvard. Hann lauk meistaranámi sínu við Harvard og birti þar nokkur af sínum fyrstu ljóðum. Hann bjó svo í París þar sem hann lærði við Svarta-

skóla, La Sorbonne og ferðaðist um meginland Evrópu.



Hann fékk þó bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1948.

Hann giftist Vivienne Haigh-Wood eftir að hann sneri til Englands en áður hafði hann ljóstrað því upp í bréfi til vinar síns að hann hefði aldrei verið við kvenmann kenndur. Vinurinn kom því á kynnum milli Eliots og Haighwood.

Eliot taldist ekki afkastamikið ljóðskáld og hafði sjálfur orð á því að hróður hans byggðist á litlum grunn. Gagnrýnendur hans sögðu sumir jafnvel að hann væri ekkert ljóðskáld. Eins var þjáð að því að einhver minni í ljóðum hans hefðu áður birst í verkum annarra.

MERKISATBURÐIR

- 1887 Thomas Stevens fer fyrstur manna kringum hnöttinn á reiðhjól.
- 1891 Konráð Gíslason, einn Fjölnismanna, fellur frá 82 ára að aldri.
- 1917 Ríkisstjórn Jóns Magnússonar tekur við völdum.
- 1983 Óveður gengur yfir höfuðborgarsvæðið. Samgöngur fara úr skorðum.
- 1989 Stórbruni verður að Réttarhálsi, tjónið nemur fimm hundruð milljónum.
- 1974 Richard Nixon Bandaríkjaforseti neitar að afhenda upptökur í tengslum við Watergate-rannsóknina.
- 1994 Samið er um samdrátt í rekstri herliðs Bandaríkjamanna á Keflavíkurlugvelli.

P.DIDDY ER 39 ÁRA Í DAG.

„Mér finnst ég öruggur þegar ég er hvítklæddur, því innst inni er ég engill.“

Tónlistarmaðurinn P. Diddy er hrifinn af hvítum klæðnaði en undanfarin sjö ár hefur hann haldið svokölluð Hvít teiti þar sem gestir verða að klæðast hvítu og ganga um á hvítu gólfteppi.



tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



GUNNAR ÞÓRÐARSON
tónlistarmaður er 64 ára.



STEINGRÍMUR GUÐMUNDSSON
trommu-leikari er 51 árs.



DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON
athafnamaður 79 ára.



Elskulegur sonur minn, bróðir okkar og mágur,

Einar G. Vestmann Þóroddsson
frá Bekansstöðum,

lést á Dvalarheimilinu Höfða þann 26. desember. Hann verður jarðsungið frá Akraneskirkju miðvikudaginn 7. janúar 2009, kl 14.00.

Valgerður Einarsdóttir Vestmann

Margrét Vestmann Þóroddsdóttir Finnur S. Guðmundsson
Valur Þór Vestmann Þóroddsson Guðlaug Magnúsdóttir
Jóhann Vestmann Þóroddsson Guðríður Hannesdóttir
Bjarni O. Vestmann Þóroddsson Kristín J. Dýrmundsdóttir
Katrín Vestmann Þóroddsdóttir
Ólafur Vestmann Þóroddsson María Björk Reynisdóttir



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Sverrir Guðjónsson
áður Miðtúni 42,

verður jarðsungið frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 11.00.

Aðstandendur.



Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

Sigríður Hulda Sigurþórsdóttir
Mururima 4, Reykjavík,

lést föstudaginn 19. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 5. janúar kl. 13.00.

Guðrún Karlsdóttir

Áslaug Sigurþórsdóttir Hannibal Kjartansson
Gunnar Sigurþórsdóttir Ragnheiður Sigurþórsdóttir
og systkinabörn.

Útfararþjónusta

Sími 551 7080
Báruvötu 4, 101 Reykjavík.

Inger Steinesson,
úttararstjóri,
s. 691 0919

Inger Rís
úttararþj.,
s. 691 0919

Ólafur Örn
úttararstjóri,
s. 696 6544

Vönduð og persónuleg þjónusta



STJARNVÍSINDI Í DAGLEGU LÍFI Einar H. Guðmundsson, stjarnæðlisfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, segir stjörnurnar spila stórt hlutverk í hugmyndum manna um heimsmyndina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GALÍLEÓ GALÍLEI: BEINDI STJÖRNUSJÓNAUKA TIL HIMINS FYRIR 400 ÁRUM

Ekki bara harðsoðin vísindi

Árið 2009 verður helgað stjörnufræði þar sem 400 ár eru síðan Galíleó Galílei beindi sjónauka sínum til stjarnanna. Af því tilefni hefur verið sett saman nefnd hér á landi til að halda utan um verkefnið. Einar H. Guðmundsson, stjarnæðlisfræðingur við Háskóla Íslands og formaður Stjarnvísindafélags Íslands, lofar margvíslegri dagskrá á árinu.

„Í febrúar hefst röð fyrirlestra um það sem efst er á baugi í stjarnvísindum nútímans og verða fyrirlestrarnir líka á dagskrá í sumar. Eins mun almenningi standa til boða stjörnuskoðun og stjörnuteiti sem Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness sér um og boðið verður upp á námskeið fyrir þá sem eiga eða hafa áhuga á sjónaukum,“ segir Einar.

Opnuð hefur verið heimasíðan www.2009.is þar sem dagskrá ársins er kynnt og hægt verður að fylgjast með

tilkynningum jafnóðum en stjörnuskoðun fer gjarnan eftir því hvernig viðrar.

Einar segir áhugann á stjörnufræðum hér á landi hafa aukist undanfarin tíu ár og á von á að hann muni aukast enn, en komið hefur verið á samstarfi við kennara og nemendur um náms efni í stjörnufræði í skólum. Hann neitar því að stjörnurnar tilheyri eingöngu harðsoðnum vísindum.

„Þetta er allur mannlegi skalinn. Eitt af því sem við viljum koma til skila er að stjarnvísindin sem slík eiga sterk an þátt í menningarsögunni, þá á ég við heimsmyndina. Þau liggja að baki daglegu lífi fólks og trúarbrögðum, sérstaklega áður fyrr þegar menn voru mikið að hugsa um stöðu sína í tilverunni.“

Aðstæður til stjörnuskoðunar á Íslandi eru að sögn Einars misgóðar

vegna verðurs. Stjarnvísindafélag Íslands, sem er félag fræðimanna, hefur þó góðan aðgang að himingeymum og er fullgilt í alþjóðlegu vísindasamfélagi stjörnufræðinga.

„Við eigum hlut í stjörnusjónauka á Kanaríeyjum sem er kallaður Norræni stjörnusjónaukinn. Þar gerum við okkar rannsóknir og í gegnum sambönd okkar þar hefur okkur tekist að fá mælitíma ásamt öðrum á stærri sjónaukum og Hubbles-geimsjónaukanum. Stjarnvísindi eru mikilvægur grunnur í hugmyndum manna um alheiminn og þær hugmyndirnar hafa stöðugt verið að breytast. Nú telja menn þó að við séum komin með nokkuð rétta heimsmynd.“

Nánari upplýsingar um ár stjörnufræðinnar má finna á vefsíðunni www.2009.is og alþjóðlegu síðunni www.astronomy2009.org. heida@frettabladi.is

Klink sem kemur að góðum notum

Rauði krossinn og Iceland Express hafa stofnað sameiginlegan styrktarsjóð fyrir fólk með geðraskanir. Tilgangurinn er að styrkja ferðir fyrir fólk með geðraskanir.

Farþegar Iceland Express geta styrkt sjóðinn með því að setja afgangsmámynt í umslög sem munu liggja í hólfi á sætisbakinu í flugvélum flugfélagsins. Erlenda myntin er flokkuð með milligöngu Rauða krossins í Bretlandi, en slíkar safnanir hafa gefist vel hjá samtökunum víða um heim.

Ferðafélög fólks með geðraskanir eru starfrækt í athvörfum Rauða krossinn rekur eða á aðild að víða

um land og eru þau öllum opin. Meginmarkmiðið með slíkum ferðalögum er að víkka út reynsluheim einstaklinga sem þjáast af andlegum kvillum og getur slík upplifun aukið andlegan styrk og bætt lífsgæði viðkomandi verulega.

Fulltrúar Rauða krossins og Iceland Express undirrituðu samkomulagið nú um hátiðarnar í Vin, einu af elstu athvörfum Rauða krossins, en það hefur verið starfrækt á Hverfisgötu í Reykjavík í ein fimmtán ár. Fyrsta ferðin sem styrkt er úr ferðasjóðnum verður farin í lok janúarmánaðar. Þá er ætlunin að fara til Bretlands til að fylgjast með fótboltaleik.



Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express og Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, skrifuðu undir samkomulag um stofnun styrktarsjóðsins.



fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]
janúar 2009

EKKERT LÍF ÁN HESTA

Brynja Viðarsdóttir sameinar
fjölskylduna í hestaíþróttinni

SAMVERA Á SKAUTUM ■ FJÖLSKYLDAN OG KREPPUTAL ■ ÁRBÆJARLAUG ER BARNVÆN

Sigríður
Tómasdóttir
skrífur



SVEFNLAUSAR NÆTUR

Fyrir ekki svo mörgum árum hefði mér aldrei dottið í hug að ég ætti eftir að láta mig dreyma um frí þar sem ekkert annað væri á dagskránni en að sofa. Hljómar ekki mjög spennandi, en eftir miklar svefntruflanir í nær eitt og hálf á þá finnst mér stundum að ég geti talað endalaust um svefn, en ekki um neitt annað. Mér líður eins og heilastarfsemin hafi hreinlega lamast af umræddu svefnleysi.

Fjórtán mánaða dóttir mín sem er mesti ljúflingur á daginn hefur nefnilega þann galla að vera svefnlétt mjög og afar hörð í samningum við aldraða foreldra sína. Bróðir hennar, þremur árum eldri, vaknaði oft á nóttunni á meðan hann var á brjósti en um leið og hann var vaninn af því fór hann að sofa alla nóttina. Sú ranga ályktun var því dregin á heimilinu að stúlkubarnið myndi haga sér eins, og það þrátt fyrir að augljóst væri að upplag þeirra væri ekki hið sama.

Hún fetaði vissulega í fótspor hans og vaknaði samviskusamlega upp nokkrum sinnum á nóttu til að fá sér hressingu. Máttleysislegar tilraunir til að ala barnið upp fóru fyrir lítið en svo þóttist ég nú aldeilis eiga von á góðu þegar loks var ákveðið að venja ungann af brjósti vel rúmlega árgamla. Þá tók við margra daga næturstríð föðursins við lilluna á meðan mamman svaf í sófanum. Loks þóttumst við vera búin að venja hana af því að vakna, en óhætt er að segja að við höfum hrósað happi of snemma.

Iðulega vaknar sú litla, lætur sér stundum nægja að reka upp gól, en stundum þykir henni sem mál sé að leika og skemmta sér um miðja nótt svo tímum skiptir. Óþarfi er að taka fram að útliti foreldranna hefur hrakað mikið, nálægt fertugsaldri fer ekki vel á því að sofa örfáa tíma á nóttu, kaffidrykkja hefur að sama skapi aukist, sykurrát, hreyfingu erum við hins vegar alltaf of þreytt til að stunda.

Nú bind ég vonir við að svefnhagur minn vænkist á nýju ári, sú litla uppgötví dásemdir nætursvefns og eitthvað af ótal ráðum sem ég hefi kynnt mér fari að virka á dómuna. Á dagskránni er nefnilega að láta hana fara að sofa í barnaherberginu en ekki hefur verið talið óhætt að demba henni þangað inn á meðan hún er sívaknandi. Stóri bróðirinn er auðvitað spennur yfir því að fá félagsskap í herbergið, en það er kannski ekki svo spennandi að hann fari að vakna upp á nóttunni í næturstuð yngri systur.

Sú stutta vaknar iðulega með bros á vör, ég vona að það sama eigi við mig innan ekki of langrar tíðar, það er takmarkað spennandi að vera svefngengill með bauga svo mánuðum skiptir.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Sigríður Björg Tómasdóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Anton Brink **Pennar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is



Hestafjölskyldan Brynja Viðarsdóttir, Erna Guðrún Björnsdóttir og Björn Magnússon ásamt hestunum sem eiga hug þeirra allan. MYND/ANTON

Kvöldmaturinn snæddur í hesthúsinu

Hjónin Brynja Viðarsdóttir og Björn Magnússon verja nánast öllum stundum utan vinnu í hesthúsinu ásamt dóttur sinni Ernu Guðrúnu Björnsdóttur. Þau segja hestamenskuna þjappa fjölskyldunni saman. Þau segja alla á jafningjagrundvelli í hestamenskunni.

Ég byrjaði í hestunum og hætti svo eftir að hafa verið hent nokkrum sinnum af baki og byrjaði svo aftur," segir Erna Guðrún 19 ára, dóttir Björns Magnússonar og Brynju Viðarsdóttur aðspurð hversu lengi hún hafi sinnt hestamenskunni. Hún stendur ásamt foreldrum sínum í velútbúinni kaffistofu hesthússins hjá Andvara á Kjávöllum sem er í eigu fjölskyldunnar. Brynja móðir hennar eignaðist hest þegar hún fermdist og þá varð ekki aftur snúið og hefur hún drifið þetta áhugamál fjölskyldunnar áfram ásamt Magnúsi, en sonur þeirra hefur ekki sýnt því eins mikinn áhuga þótt þau segi hann vera að vakna. „Það er nú varla hægt að kalla þetta áhugamál, þetta er bara lífsstíll," segir Magnús og bætir við að oft heimsæki fólk þau frekar í hesthúsið en heim. „Í hestamenskunni eru allir vinir, þar skiptir engu hvaða

stöðu fólk gegnir, öllum er mætt á jafningjagrundvelli og hestar eru óþrjótandi umræðuefni," segir Magnús. „Hér er ekkert kreppatal," bætir Erna við.

Hestunum þarf að sinna daglega, án undantekninga. „Við erum hér öllum stundum og kvöldmaturinn er oft snæddur hérna," segir Brynja og Magnús og Erna taka undir það brosandí. Á kaffistofunni er gluggi svo hægt sé að horfa á hestana í stíunni á neðri hæðinni, enda engin þörf fyrir sjónvarp á kaffistofunni, en þar er rafmagnshella og

þægilegt sófasett. „Við gætum alveg búið hérna," segir Brynja hlæjandi.

Fjölskyldan röltir niður og kynnir hestana fyrir blaðamanni. Brynja gengur að upphaldshestinum sínum, Erni, og kjáir við hann. Magnús segir hann vera sérstakan ljúfling sem Ernir staðfestir með því að nudda sér vinalega upp við eigendur sína og augljóst er að hestarnir eru hluti af fjölskyldunni. Brynja segist sannfærð um að hestarnir hafi þjappað fjölskyldunni saman. „Án hestanna væri Björn alltaf að vinna, Erna alltaf með vinum sínum og ég ein heima að horfa á sjónvarpið," segir Brynja og hlær að því hversu fjarstæður sá veruleiki er.



- kep



JÚDÓ

- frábær heilsurækt, hreyfing og útrás

Krílahópar (4-6 ára)
Barna- og unglingahópar
Fullorönnir byrjendur

stærsti og besti bardagasalur landsins
fyrsta flokks þjálfarar

Skráning á vorönn-hafin á ippon.is

ippon.is

BARNVÆNT

Árbæjarlaugin Börnum þykir alltaf gaman að busla og í Árbæjarlauginni eru næg tækifæri til þess. Einn helsti kostur laugarinnar er að á köldum dögum þarf enginn að hlaupa úti í kuldanum. Innlaugin er staðsett beint fyrir utan fataklefa og oftar en ekki eru þar boltar og kútar sem hægt er að leika sér með. Innlaugin hentar sérstaklega fjölskyldum með ungbörn. Leiðin út í heita pottinn, vatnsrennibrautina, grunnu laugina og djúpu laugina er samfelld svo engin þörf er á að fara upp úr vatninu til að fara á milli staða. Vatnsrennibrautin er alveg upp við húsið og stígin ágætlega einangraður sem ver börnin fyrir kulda og roki. Á isköldum dögum er afar notalegt að sitja í heita pottinum og fylgjast með gufunni stíga upp. Fossar og vatnsbunur eru víða um laugina og eru endalaus uppspretta leikja. Í fataklefunum er gert ráð fyrir ungbörnum, og er þar að finna háa stóla með belti og bala til að baða börnin fyrir og eftir sundferð.



Mikilvægasta
máltíð
dagsins



Stórglæsileg sérblöð,
**Skólar og námskeið
og Heilsa og lífsstíll**
fylgja Fréttablaðinu í janúar.



skólar & námskeið



6. janúar

heilsa og lífsstíll



8. janúar

Auglýsendur vinsamlegast hafi samband:

Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða eda@benediktj@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



Áhyggjulaus börn Hlusta þarf á börnin og útskýra fyrir þeim hlutina til að valda þeim ekki óþarfa áhyggjum.

Aðgát skal höfð í nærve

Kreppan hefur víðtæk áhrif á margar fjölskyldur og börnin geta haft af henni áhyggjur. Þess vegna er mikilvægt að tala við börnin og gefa sér tíma til að hlusta á þau og fá að vita hvað þau eru að hugsa um.

Nú dynja á öllum fréttir um kreppuna og börnin fara ekki varhluta af því. Brugðist hefur verið við því víða og hafa til að mynda skjáauglýsingar frá Kópavogsbæ verið birtar í sjónvarpinu frá því í október sem hvetja fólk til að hlífa börnum við kreppatalinu í þeim tilgangi að vekja fullorðna fólk til umhugsunar um hvernig það talar í návist barna. Samt sem áður er mikilvægt að tala um kreppuna við börnin, fyrst og fremst til að létta af þeim áhyggjum, fyrirbyggja misskilning og leyfa þeim að vera hluti af fjölskyldunni og samfélaginu.

Virk hlustun

Börn eru klár og þau sjá og heyra það sem er á seyði í kringum þau, þau komast ekki hjá því. Þau eru hluti af samfélaginu og finna fyrir breytingum, áföllum og þrengingum í samfélaginu rétt eins og aðrir. „Með virkri hlustun getum við komist að því hvað börnin eru að hugsa, sem er afar mikilvægt meðal annars til að koma í veg fyrir að við gerum þeim upp hugsanir eða áhyggjur. Börn segja oft merkilega hluti og þau koma manni stöðugt á óvart með skemmtilegum athugasemdum,“ segir Helga Þórðardóttir, skóla- og fjölskylduráðgjafi. „Það er gott að spjalla við þau og útskýra hlutina. Spurningar eins og „veistu hvað þetta þýðir?“ og „veistu hvað það er?“ koma að gagni og leiða í ljós hvað börnin skilja. Mikilvægt er að leyfa þeim að tala og hlusta á þau, heyra hvað þau eru að hugsa

um og hvað þau eru að upplifa. Við verðum að gefa okkur tíma til þess að hlusta,“ segir hún. Með því að ræða við börnin og hlusta á þau kemur fljótt í ljós hvað þau eru að hugsa um og hverju þau eru að velta fyrir sér. „Við verðum þó líka að gæta þess að gera þeim ekki upp áhyggjur, þess vegna er gott að hlusta fyrst áður en maður ræðst í að slá á áhyggjur sem eru kannski ekki til staðar,“ segir hún.

MIKILVÆGAST er að leyfa börnunum að tala og hlusta á þau, heyra hvað þau eru að hugsa um og upplifa.

Samverustund fjölskyldunnar

Margir foreldrar reyna eflaust að vernda börn sín fyrir kreppatali og er það nauðsynlegt upp að vissu marki, en það getur farið illa í börnin ef þau finna að það er verið að leynd þau einhverju. Börnin taka vel eftir því ef foreldrar eru áhyggjufullir og heyra þá jafnvel tala saman í hálfum hljóðum og draga sínar eigin ályktanir, sem geta verið kolrangar því ímyndunarafl barna er óflugt. „Börn geta ímyndað sér hluti sé ekki talað við þau og það þarf að gefa þeim von um að þetta verði betra. Við lifum af þrengingar og erfiðleika með því að trú á ástandið muni batna með tíð og tíma. Börnin þurfa að finna að þetta verði ekki alltaf

svona, og það er nauðsynlegt að útskýra hvernig staðan sé núna, en það muni breytast og lagast. Við gerum börnunum ekki gott með því að láta sem ekkert sé og vera með einhverjar blekkingar,“ segir Helga. „Að sjálfsgöðu á að draga úr neikvæðu tali eins og hægt er og ekki tala of mikið um kreppuna. Stundum getur verið gott að slökkva á sjónvarpinu og spila saman eða baka saman. Þrátt fyrir bankakreppu er hægt að gera margt skemmtilegt saman og gott að draga athyglina að því. Það er ekki allt slæmt við kreppuna, og mér virðist sem fólk sé rólegra og eyði meiri tíma heima hjá sér sem getur verið gott, auk þess sem fjölskyldan fær meiri tíma saman.

Hlífum börnunum

Frá því í nóvember á síðasta ári hafa birst á sjónvarpskjánum auglýsingar frá Kópavogsbæ þar sem fullorðnir eru hvattir til að hlífa börnum við kreppatali. Auglýsingarnar vöktu marga til umhugsunar. „Ég sat fund með fulltrúa frá Ungmennahúsinu í Kópavogi, verkefnastjóra tómstunda- og æskulýðsmála, fulltrúa frá félagsþjónustu Kópavogs og forvarnarfulltrúa Kópavogs þar sem fram kom að umræðan þótti snúast of mikið um vandamálið á heimilinu án þess að aðgát væri höfð í nærveru barna,“ segir Þór Jónsson, forstöðumaður almannatengsla Kópavogsbæjar. „Þessi hópur taldi að það þyrfti að gæta að því hvernig börnin hefðu það. Þau gætu ekki haft áhrif á ástandið og fyndu það



Endurhæfingarhúsið HVER auglýsir eftir forstöðumanni

Fagaðili með menntun á sviði félags- og / eða heilbrigðismála óskast til að stýra og móta starf endurhæfingarræðis fyrir öryrkja á Vesturlandi staðsett á Akranesi

Akraneskaupstaður, Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vesturlandi, Sjúkrahúsið og heilsgæslustöðin á Akranesi og Akranesdeild Rauða kross Íslands gerðu með sér samkomulag í mars árið 2008 um rekstur endurhæfingarræðis fyrir öryrkja á Vesturlandi. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

Markmiðið með starfinu er m.a. að skapa batahvetjandi stuðningsúrræði fyrir fólk sem vegna veikinda eða annarra aðstæðna getur ekki tekið virkan þátt í samfélaginu og býr við skert lífsgæði. Jafnframt að stuðla að því að rjúfa félagslega einangrun, ýta undir starfsvirkni og skapa vettvang fyrir einstaklinga til að auka færni sína við dagleg störf og tómstundaiðkun.

Leitað er eftir fagaðila með menntun á sviði félags- og /eða heilbrigðismála og æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja stjórnunarreynslu.

Forstöðumaðurinn mun m.a. sjá um daglega starfsemi, vinna að markmiðsáætlunum með notendum þjónustunnar og skipuleggja starfið.

Einnig vinnur hann að því að móta starfsemi staðarins í samvinnu með fagteymi sem og notendum staðarins. Fagteymi staðarins er skipað sálfræðing, iðjuþjálfar og félagsráðgjafa sem eru allir með fasta viðveru á staðnum.

Um er að ræða 100% starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf hið fyrsta. Ef frekari upplýsinga er óskað skal hafa samband við Sveinborgu Kristjánsdóttur, félagsmálastjóra Fjölskyldustofu hjá Akraneskaupstað í síma 433-1000.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar n.k. og skal skila umsóknum á Bæjarskrifstofuna á Akranesi, b/t Sveinborgar Kristjánsdóttur, Stillholti 16-18, 300 Akranesi.

Hér er um að ræða mjög spennandi mótunarstarf á Vesturlandi

Framkvæmdastjóri Eignastýringar Nýja Kaupþings banka hf.

Nýi Kaupþing banki leitar að framúrskarandi einstaklingi til að gegna starfi framkvæmdastjóra Eignastýringar. Framkvæmdastjóri Eignastýringar er ábyrgur gagnvart bankastjóra. Við leitum að reynslumiklum einstaklingi sem hefur metnað til að ná árangri.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg stjórnun sviðsins og ábyrgð á rekstri þess
- Ábyrgð á rekstri sjóða, eignastýringu fagjáfresta, einkabankaþjónustu og ráðgjöf til einstaklinga

Hæfniskröfur:

- Próf í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Mikil stjórnunarreynsla
- Reynsla af störfum hjá fjármála fyrirtækjum æskileg
- Frumkvæði í starfi
- Hæfni til nákvæmra og sjálfstæðra vinnubragða
- Miklir samskiptahæfileikar
- Hæfni og vilji til að vinna að uppbyggingu bankans

Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2009.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Fullum trúnaði er heitið.

Nánari upplýsingar veitir Svali H. Björgvinsson, starfsmannastjóri, sími 444 6383, netfang: svali.bjorgvinsson@kaupthing.com.

Umsækjendur sækja um starfið á vefsíðu bankans, www.kaupthing.is.



Spennandi tækifæri hjá ORF Líftækni

Vísindastjóri í viðskiptaþróun (Biomedical programs manager)

Starfslýsing:

Uppbygging á tengslaneti meðal vísindamanna í læknisfræði innan rannsóknastofnana og fyrirtækja á sviði frumulíffræði, vefjasmíði og tengdra læknisfræðirannsókna, með hlidsjón af nýtingu vaxtarþátta. Ráðgjafi á sviði frumuræktana og notkunar vaxtarþátta. Þátttaka í alþjóðlegum ráðstefnum, greining á nýjum viðskiptatækifærum og möguleikum á úthýsingu, öflun upplýsinga um nýjar afurðir, þróun þeirra og nýtingu er lýtur að læknisfræði og lyfjaþróun.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorspróf í frumulíffræði eða skyldum greinum
- Sterkur ferill í rannsóknum og birtingum, helst á sviði stofnfrumurannsókna
- Almenn stjórnunarreynsla
- Reynsla í stjórnun alþjóðlegra vísinda-verkefna
- Hæfni í tengslamyndun og umsjón með rannsókna- og viðskiptatengslum

Sameindaerfðafræðingur (Project leader)

Starfslýsing:

Staða sérfræðings til að leiða rannsóknir á genatjáningu og þróun afkastamikilla kerfa í sameindaræktun hjá fyrirtæki í fremstu röð. ORF leitar að afburða sameindalíf-fræðing, sem hefur áhuga og kraft til að stýra vinnu við tækniþróun í próteinframleiðslu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorspróf í sameindaerfðafræði eða skyldum greinum
- Yfirgripsmikil þekking á genatjáningu og stýri-svæðum, helst í plöntum
- Reynsla og þekking á sviði próteinhreinsunar
- Þekking á plöntulífisfræði æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni til að stýra verkefnum og/eða vinnuhópi
- Reynsla af erlendu rannsóknarsamstarfi

Viðskiptastjóri í viðskiptaþróun (Business development manager)

Starfslýsing:

Stjórnun á viðskiptaþróun gagnvart stórum fyrirtækjum á snyrtivörumarkaði sem og fyrirtækjum sem framleiða og/eða nota frumuræktunaræti fyrir læknisrannsóknir og lyfja- og lífefnaframleiðslu. Stefnumótun og áætlanagerð fyrir sviðið. Greina viðskiptatækifæri, leit að álitlegum viðskiptavinum, úttekt á þeim, sölufundur og gerð samninga um kaup á afurðum félagsins og/eða um samstarfsverkefni. Umsjón með viðskiptum við viðskiptavini. Þátttaka í vörubrúun. Starfið krefst mikilla ferðalaga erlendis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í markaðsfræðum og reynsla á sviði markaðsmála
- Háskólamenntun í frumulíffræði eða skyldum raungreinum
- Frumkvæðni og sjálfstæð vinnubrögð
- Almenn stjórnunarreynsla
- Hæfni í sölu og samningagerð

Kynningarfulltrúi (Marketing coordinator)

Starfslýsing:

Umsjón með gerð kynningarefnis, fréttabréfa og kynningargagna fyrir erlenda dreifaðila og viðskiptavini, viðhaldi á heimasíðu og markaðssetningu á netinu. Auk þess öflun nauðsynlegra upplýsinga, s.s. fyrir nýjar vörur og nýja viðskiptavini, samskipti við viðskiptavini og þátttaka í kynningarátaki erlendis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í markaðsfræðum
- Háskólamenntun í líffræði eða skyldum greinum æskileg
- Gott skynbragð á hönnun kynningarefnis
- Hæfni til að vinna í hópstarfi og einnig sjálfstætt
- Skilningur og geta til að skila verkefnum á réttum tíma

ORF Líftækni hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu sérvirkra próteina fyrir læknisrannsóknir, snyrtivörur og lyfjaiðnað með sameindaræktun. Með þróun og nýtingu á bygg-framleiðslutækni sinni stefnir ORF markvisst að enn frekari uppbyggingu hátæknifyrirtækis í fremstu röð á alþjóðlegum markaði, með áherslu á að selja afurðir sínar, vaxtarþætti, til rannsóknastofa á sviði frumurannsókna (t.d. stofnfrumurannsókna), frumuræktunar og þróunar vefjalækninga (regenerative medicine) undir vörumerkinu ISOkiné™. ORF er ungt og vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir með mikla möguleika á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn. ORF Líftækni hf. hlaut Nýsköpunarverðlaunin árið 2008.

Umsækjendum er bent á nánari upplýsingar á vefsíðum félagsins:
www.orf.is eða www.orfgenetics.com

Einnig má hafa samband við starfsmannastjóra í síma 591 1570 varðandi frekari upplýsingar.

Umsóknir skal senda til: starf@orf.is eigi síðar en 10. janúar 2009.





GLEÐILEGT NÝTT ÁR!



Starfsfólk Vinna.is óskar viðskiptavinum og umsækjendum gleðilegs árs og velfarnaðar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

Kveðja frá starfsfólki Vinna.is

VINNA.IS ER Í EIGU CAPACENT

capacent
RÁÐNINGAR

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Óskum samstarfsaðilum okkar, viðskiptavinum og umsækjendum, velfarnaðar á nýju ári og þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða.

Kveðja frá starfsfólki Capacent Ráðninga.



FRAMKVÆMDASTJÓRI TÆKNIÞJÓNUSTU OG UMHVERFISMÁLA

Svona erum við:

Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf, þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og höfum stöðugar umbætur á verkferlum og aðferðum að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið allt, sem við erum hluti af.

Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra tækniþjónustu og umhverfismála. Um er að ræða spennandi starf hjá fjölbjóðlegu þekkingarfyrtæki. Framkvæmdastjóri tækniþjónustu og umhverfismála situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og heyrir beint undir forstjóra. Starfið er fjölbreytt og tekur viðkomandi virkan þátt í stefnumótun og stjórnun fyrirtækisins.

Starfssvið

- Daglegur rekstur tækniþjónustu og umhverfismála
- Umsjón með verkefnastjórnun og framkvæmd verkefna
- Umsjón með umhverfismálum
- Umsjón með þróunarverkefnum
- Þátttaka í stefnumótun og setningu markmiða fyrirtækisins
- Umsjón með gerð árlegra rekstar- og fjárfestingaáætlana
- Erlend samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræði- eða tæknifræðipróf. Framhaldsnám erlendis æskilegt
- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á umhverfismálum kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Miklir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Mikilvægt er að starfsumsókn fylgi kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

agr

Svavar Atli Birgisson er nýorðinn þriðji stigahæsti leikmaður Tindastóls í úrvalsdeild en hann fór upp fyrir Hinrik Gunnarsson í lokaleik liðsins fyrir jól. Svavar vantar auk þess aðeins 30 stig til að komast upp fyrir Torrey John sem annar stigahæsti leikmaður Tindastóls í úrvalsdeildinni. Svavar er mjög ánægður með þá þróun mála að skagfirskir körfuboltamenn streyma nú til baka á Krókinn og ætla að spila með liðinu það sem eftir er vetrar. „Það er mjög gaman að fá þá til baka. Mann hefur dreymt um þetta lengi og þetta er bara að verða að veruleika,” segir Svavar, en Axel Kárason, Friðrik Hreinsón og Helgi Frey Margeirsson munu allir spila með liðinu eftir áramót auk þess að Óli Barðdal er byrjaður aftur og Helgi Rafn Viggósson hefur getað einbeitt sér að körfunni í vetur. „Maður hefur spilað mikið með þessum strákum áður og þekkir þá vel. Við þurfum aðeins að slípa okkur saman en maður veit alveg nákvæmlega hvernig þeir hugsa og hvar þeir vilja fá boltann. Það er mikill munur að spila með mönnum sem maður þekkir en að þurfa að læra inn



á nýja menn. Þetta eru líka toppmenn sem gera bara gott fyrir liðið enda engir egóistar,” segir Svavar en allt lítur líka út fyrir það að útlendingum í liðinu fækki úr þremur í einn. „Við verðum bara með einn útlending allavega til að byrja með. Flake kemur aftur en Daninn Sören Flæng er meiddur og það er að minnsta kosti mánuður í hann,” segir Svavar sem er bjartsýnn á framhaldið. „Ég held að við fáum fleira fólk á leikina okkar þegar það veit af því að heimamenn eru að spila. Þetta er kjarninn sem fór sem lengst á sínum tíma og það er góð tilfinning að vera kominn með hann aftur. Ég hefði náttúrulega viljað byrja tímabilið með þá alla en maður tekur allt sem maður fær. Vonandi getum við byggt upp stemningu í bánum aftur og þá erum við klárir í hvað sem er,” segir Svavar og markmiðið er þriðja sætið. „Með fullri virðingu fyrir hinum liðunum þá eru KR og Grindavík í sérflokk en við ætlum að berjast um þriðja sætið. Þetta er hörkudeild þar sem allir geta unnið alla fyrir utan þessi tvö efstu lið sem skera sig úr. Hitt er bara einn góðu hrærigatur,” segir Svavar að lokum.

ÚRSLITIN Í GÆR

Enski bikarinn, 3.umferð:


Table of English Football League Cup results for the 3rd round. Includes matches like Arsenal-Plymouth (3-1), Manchester City-Birmingham (2-0), etc.

Átta leikur enduðu með jafntefli í gær en í ensku bikarkeppninni er spilaður annar leikur ef leikirnir enda með jafntefli. Í næsta leik verður hinsvegar spilað til þrautar endi leikirnir aftur með jafntefli.

Martröð Hughes tekur engan enda

B-deildarlið Nottingham Forest sló Manchester City út úr enska bikarnum í gær, Stoke tapaði fyrir C-deildarliði Hartlepool og Chelsea náði ekki að vinna Southend á Brúnni þrátt fyrir stórsókn allan leikinn.

FÓTBOLTI Það voru óvænt úrslit að vanda þegar ensku úrvalsdeildarliðin hófu keppni í ensku bikarkeppninni í gær þar sem tvö úrvalsdeildarlið duttu úr keppni fyrir liðum úr neðri deildum. Úrvalsdeildarliðin Arsenal, Liverpool, West Ham, Everton, Middlesbrough, Sunderland og Fulham eru öll komin áfram af úrvalsdeildarliðunum en Man. City, Stoke og Bolton eru úr leik. Tottenham komst áfram með 3-1 sigri á Wigan á föstudagskvöldið en í dag mætast síðan Southampton og Manchester United og Gillingham og Aston Villa.



EKKERT GENGUR Það er hætt við því að Mark Hughes eldist um nokkur ár við að glíma við slæmt gengi sinna manna í Manchester City. NORDICPHOTOS/GETTY

Martröð Mark Hughes og læriveina hans í Manchester City ætlar engan enda að taka og í gær bættist útreið í bikarnum við slæmt gengi og fallbaráttu í úrvalsdeildinni. „Ég varð fyrir miklu vonbrigðum með spilamennsku liðsins í dag Nottingham Forest átti sigurinn skilinn. Við höfum ekki getað unnið leiki í vetur þegar einn, tveir eða þrjár leikmenn í liðinu eru ekki að skila sínu,” sagði Mark Hughes sem er ekkert á því að gefast upp. „Ég veit alveg hvað vantar upp á hjá okkur. Við þurfum að styrkja liðið og við ætlum að gera það hvort sem það verður í þessum félagaskiptaglugga eða einhverjum öðrum. Við þurfum meiri tíma en það er ljóst að eins og liðið er í dag þá getum við ekki keppt á mörgum stöðum,” sagði Hughes en City-liðið datt einnig snemma út úr deildarbikarnum fyrir Brighton.

Segist þurfa meiri tíma „Ég veit alveg hvað vantar upp á hjá okkur. Við þurfum að styrkja liðið og við ætlum að gera það hvort sem það verður í þessum félagaskiptaglugga eða einhverjum öðrum. Við þurfum meiri tíma en það er ljóst að eins og liðið er í dag þá getum við ekki keppt á mörgum stöðum,” sagði Hughes en City-liðið datt einnig snemma út úr deildarbikarnum fyrir Brighton.

Önnur óvænt úrslit urðu á Brúnni þegar Chelsea mistókst að vinna C-deildarliðið Southend á heimavelli sínum. Peter Clarke hélt upp á 27 ára afmældisdaginn sinn með því að jafna leikinn í uppþóttartíma.

Fengum fimmtán færi „Ég þarf að kenna mínum mönnum að einbeita sér betur fyrir framan markið og ég er að vinna í því alla daga,” sagði Luiz Felipe Scolari, stjóri Chelsea á sinni ein-

földu ensku. „Kannski vantar þá meira sjálfstraust eða að pressan er of mikil. Við fengum 15 góð færi en skoruðum aðeins eitt mark. Leikmenn Southend börðust vel fyrir jafnteflinu og skoruðu úr eina skotinu sínu,” sagði Scolari eftir leik. „Þetta er frábær dagur fyrir félagið og stuðningsmennina - að ná svona úrslitum á móti liði sem mun enda í efstu tveimur sætum úrvalsdeildarinnar,” sagði Steve Tilson, stjóri Southend.

Það voru engin vandræði hjá toppliði Liverpool eða Arsenal. Liverpool vann 2-0 útisigur á Preston þar sem Steven Gerrard lagði upp bæði mörkin þad síðara fyrir Spánverjann Fernando Torres sem hafði skömmu áður komið inn á sem varamaður. Robin van Persie skoraði tvö mark Arsenal sem vann Plymouth örugglega en Everton lét sér nægja eitt mark gegn Macclesfield.

Fyrsti leikur Guðjóns með Crewe Guðjón Þórðarson stjórnar sínum fyrsta leik með Crewe þegar liðið gerði 2-2 jafntefli á útivelli. Crewe komst yfir eftir 12 mínútur en Millwall svaraði með tveimur mörkum áður en Dan Shelley jafnaði fyrir Crewe með marki úr aukaspyrnu. „Ég er ánægður með jafnteflið. Ég sagði við leikmenn mína að þeir hefðu engu að tapa og þeir stóðu sig vel. Þegar að seinni leiknum kemur þá mun ég vita meira um mitt lið og þekki vonandi orðið öll nöfnin þeirra,” sagði Guðjón í léttum tón við enska blaðið Telegraph eftir leik.

Aron Einar Gunnarsson var eini Íslendingurinn sem komst áfram í bikarnum í gær en hann og félagar hans í Coventry slógu út utan-deildarliðið Kidderminster 2-0. QPR og Burnley gerðu markalaust jafntefli í fyrirhuguðum Íslendingaslag en ekkert varð þó af því að Heiðar Helguson spilaði með QPR. Íslendingaliðin Reading og Bolton dattu bæði úr leik í gær en Portsmouth fær annan möguleika gegn Bristol City eftir markalaust jafntefli á heimavelli.

ooj@frettabladid.is

Advertisement for hearing aids. Title: Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja. Description: Tækið sem enginn verður var við. Includes images of a human ear and a hearing aid, and contact information for 'HEYRN' at Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur.

Advertisement for Sigurganga Barcelona-liðsins. Title: Eiður Smári lagði upp mikilvægt mark. Description: Sigurganga Barcelona-liðsins hélt áfram í gærkvöldi: Eiður Smári lagði upp mikilvægt mark. Includes an image of Eider Smári and contact information for 'LÉK ALLAN LEIKINN'.



TREYSTIR Á SÍNA MENN Frédrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Grindvíkingar í karlakörfunni: Ætla ekki að fá sér útlending

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar ætla ekki að styrkja sig með Bandaríkjamanni þrátt fyrir að liðið eigi í harðri baráttu við topplið KR sem hefur haft Bandaríkjamann innan sinna raða í allan vetur.

„Ég á bara von á því að við klárum þetta eins og við erum,“ segir Frédrik Ragnarsson, þjálfari liðsins. „Eins og staðan er núna þá er ekkert í gangi hjá okkur en ég ætla ekki að sverja fyrir það að við gerum það ekki,“ segir Frédrik sem býst ekki við að erlendum leikmönnum fjölgi í deildinni.

„Ég hef ekki heyrt af nokkru liði sem ætlar að taka til sín útlending og hef lúmskan grun um að þetta klárist bara svona hjá þessum liðum,“ sagði Frédrik sem hefur stýrt Grindavíkurliðinu til sigurs í 10 af 11 deildarleikjum tímabilsins og eina tapið var tveggja stiga tap á móti KR á útivelli. - óóó

Fréttir frá Juventus-liðinu:

Buffon fórnad fyrir Messi?

FÓTBOLTI Ítalskir fjölmiðlar eru nú uppfyllir af fréttum af áhuga Juventus á argentínska snillingnum Lionel Messi hjá Barcelona.

Það nýjasta er að félagið ætli að selja markvörðinn sinn Gianluigi Buffon til að ná að safna peningum til kaupanna á Messi. Það er vitað af miklum áhuga enska liðsins Manchester City á ítalska landsliðsmarkverðinum og arabísku eigendurnir hjá City eru jafnvel tilbúnir að eyða 100 milljónum punda í Buffon.

Stuðningsmenn Juve eru reyndar ekki á sama máli því í könnum hjá blaðinu Tuttosport þá vildu 52 prósent frekar halda Buffon en fórná honum fyrir Messi. Hvort Barcelona sé síðan tilbúin til að selja Messi er síðan allt önnur saga. - óóó



FRÁBÆR Dwyane Wade lék afar vel í jólamánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

Leikmenn desember í NBA:

Wade og Kobe valdir bestir

KÖRFUBOLTI Dwyane Wade, leikmaður Miami Heat, var valinn besti leikmaðurinn í austurdeild NBA í desember mánuði og í vesturdeildinni þótti Kobe Bryant hjá Los Angeles Lakers standa sig best í jólamánuðinum.

Wade var stigahæsti leikmaður deildarinnar í desember með 29,2 stig að meðaltali en hann skoraði 30 stig eða meira í sex leikjum. Hann var einnig með 6,3 stoðsendingar og 5,3 fráköst í leik og Miami vann 9 af 13 leikjum sínum í mánuðinum.

Kobe var með 28,2 stig að meðaltali í 15 leikjum Lakers en liðið vann 11 þeirra. Bryant braut 30 stiga múrinn fimm sinnum og hjálpaði sínu liði til að vinna alla sjö heimalikjuna í desember. - óóó

Enginn með fleiri mörk á einu ári

Guðjón Valur Sigurðsson bætti 16 ára markamet Valdimars Grímssonar með því að skora 199 mörk fyrir handboltalandslíðið á árinu og í fyrsta sinn í sögunni skorðu fimm leikmenn liðsins yfir hundrað mörk.

HANDBOLTI Íslenska handboltalandslíðið spilar sinn fyrsta leik á árinu 2009 í dag þegar strákarnir okkar mæta Svíum á Minningarmótinu um Staffan Holmqvist. Að baki er stórkostlegt ár þar sem liðið náði ekki aðeins að vinna silfurverðlaunin á Ólympíuleikum heldur einnig að bæta nokkur markamet í leiðinni.

Markhæstur fjögur ár í röð

Guðjón Valur Sigurðsson er markahæsti leikmaður landsliðsins fjórða árið í röð og náði því á árinu að skora sitt þúsundasta mark fyrir íslenska landsliðið. Hann hefur líka skorað yfir hundrað mörk síðustu sex ár sem er met.

Guðjón Valur var aðeins einu marki frá því að skora 200 mörk fyrir handboltalandslíðið á árinu en það mark hefði eflaust komið í hús hefði hann ekki meidd í leiknum á móti Noregi í undankeppni

EM hinn fyrsta nóvember. Guðjón bætti markamet Valdimars Grímssonar í síðasta leiknum sem var æfingaleikur á móti heimsmæsturum Þjóðverja í lok nóvember. Guðjón Valur skoraði 7 mörk í 30-29 sigri og bætti því árangur Valdimars frá 1992 um sex mörk.

Gamla metið var 193 mörk

Valdimar skoraði mörkin sín 193 í 39 leikjum árið 1992 eða 4,9 mörk að meðaltali í leik. Guðjón skoraði 5,7 mörk að meðaltali í sínum 35 leikjum. Bádúr urðu þeir í 3. sæti yfir markahæstu menn á Ólympíuleikum þessi ár, Valdimar á Ólympíuleikumum í Barcelona 1992 en Guð-

jón Valur á leiknum í Peking í ár. Guðjón Valur varð reyndar ekki markahæsti Íslendingurinn á leiknum því Snorri Steinn Guðjónsson skoraði einu marki meira og varð annar markahæsti leikmaður leikanna.

Munaði litlu hjá Alex

Snorri Steinn og Guðjón Valur voru ekki þeir einu sem náðu að brjóta hundrað marka múrinn því það gerðu einnig Ólafur Stefánsson, Logi Geirsson og Róbert Gunnarsson. Róbert náði að skora sitt hundraðasta og síðasta mark í lokaleiknum gegn Þýskalandi en hann skoraði 5 mörk í þeim leik.

Sjötti leikmaður liðsins sem var á leiðinni yfir hundrað marka múrinn var Alexander Petersson sem skoraði 90 mörk í sínum 28 leikjum á árinu. Alexander missti af fjórum síðustu leikjum ársins og rétt missti því af 100 mörkum þar sem hann skoraði 97 mörk árið 2007.

Íslenska landsliðið mætir í þennan leik gegn Svíum í dag án fjögurra af sex markahæstu mönnum sínum frá síðasta ári. Ólafur Stefánsson hefur tekið sér ársfrí frá liðinu og þeir Snorri Steinn, Guðjón Valur og Alexander eru allir meiddir.

Í beinni á Stöð 2 Sport

Það verður spennandi að sjá hvernig gengur hjá Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara að fylla í þessi stóru sköð en leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst útsendingin klukkan 12.05. ooj.frettabladid.is



199 MÖRK Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 5,7 mörk að meðaltali í 35 landsleikjum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MARKAHÆSTU LEIKMENN LANDSLÍÐSINS 2008:

1. Guðjón Valur Sigurðsson	199
2. Snorri Steinn Guðjónsson	169
3. Ólafur Stefánsson	134
4. Logi Geirsson	105
5. Róbert Gunnarsson	100
6. Alexander Petersson	90
7. Arnór Atlason	69
8. Einar Hólmgæsson	43
9. Ásgeir Örn Hallgrímsson	40
10. Vignir Svavarsson	32



169 MÖRK Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 5,5 mörk að meðaltali í 31 landsleik á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



134 MÖRK Ólafur Stefánsson skoraði 4,6 mörk að meðaltali í 29 landsleikjum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



105 MÖRK Logi Geirsson skoraði 3,9 mörk að meðaltali í 27 landsleikjum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



100 MÖRK Róbert Gunnarsson skoraði 2,9 mörk að meðaltali í 35 landsleikjum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jakob Örn Sigurðarson, leikstjórnandi KR, hefur aðeins tapað 10 boltum á 308 mínútum í vetur:

Með öruggustu hendurnar í deildinni

KÖRFUBOLTI KR-ingurinn Jakob Örn Sigurðarson hefur stýrt KR-liðinu af miklu öryggi í Iceland Express-deild karla og er einn af lykilmönnum á bak við það að liðið hefur unnið ellefu fyrstu leiki sína. Fréttablaðið hefur fundið það út úr tölfræði fyrri hluta deildarkeppinnar að þessi 26 ára leikstjórnandi í KR hafi öruggustu hendurnar í Iceland Express deildinni.

Sá telst vera með öruggustu hendurnar í deildinni sem tapar fæstum boltum á hverjar 40 mínútur af þeim leikmönnum sem eru mikið með boltann í sínum

ÖRUGGUSTU HENDURNAR Í DEILDINNI:

(Tapaðir boltar á hverjar 40 mín.)

Jakob Örn Sigurðarson, KR	1,30
Gunnar Einarsson, Keflavík	1,53
Cedric Isom, Þór Ak.	1,84
Páll Axel Vilbergsson, Grindavík	1,85
Aðalsteinn Pálsson, Breiðabliki	2,43
Þorleifur Ólafsson, Grindavík	2,61
Hlynur Bæringsson, Snæfell	2,66
Atli Rafn Hreinsson, Snæfell	2,67
Tyler Dunaway, Fsú	2,67
Helgi Már Magnússon, KR	2,73

leikjum. Á listann komast þeir leikmenn sem eru mikið með boltann í sínum leikjum. Lágmarkið er að hafa spilað 6 leiki eða fleiri og spilað í þeim í 20 mínútum eða meira að meðaltali. Leikmenn verða líka að hafa tekið að meðaltali fimm skot eða fleiri og gefið þrjár stoðsendingar eða fleiri í sínum leikjum.

Jakob hefur aðeins tapað tíu boltum í fyrstu ellefu leikjum tímabilsins þrátt fyrir að vera mjög mikið með boltann á þeim 308 mínútum sem hann hefur spilað. Þetta gerir aðeins 1,30 tapaða bolta á hverjar 40 spilaðar mínútur. Hann er efstur í deildinni í stoðsendingum á hvern tapaðan bolta en alls hefur hann gefið 4,9 stoðsendingar fyrir hvern tapaðan bolta.

Jakob er efstur í KR-liðinu í framlagi með 20,2 framlagsstig í leik en hann hefur skorað 17,1 stig og gefið 4,5 stoðsendingar í fyrri hluta deildarinnar. Jakob hefur 50,4 prósentá hittni í skotum sínum þar af eru 47 prósent skota hans fyrir utan þriggja stiga línuna.

Næsti maður á listanum er

GÓÐUR KR-ingurinn Jakob Örn Sigurðarson hefur skoraði 17,1 stig og gefið 4,5 stoðsendingar í leik en aðeins tapað 0,9 boltum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Keflvíkingurinn Gunnar Einarsson sem spilar þó vissulega annað hlutverk og er mikið mun minna með boltann þótt hann nái fyrir-

fram settum lágmarkum. Þórsarinn Cedric Isom er í þriðja sætinu. Það má sjá efstu tíu menn á listanum hér til hliðar. - óóó

> January Jones

„Hvers vegna ekki að flagga því sem maður hefur?“ Jones leikur Betty Draper í þættinum Mad Men sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

dagskrá




VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR MISSIR VÖLDIN

Sumir þættir eru einfaldlega heilagir

Lengstum hef ég verið einráð í sjónvarpsherberginu. Karlinn hefur beygt sig undir minn vilja og horft hnípninn á hvert öfnið á fætur öðru. ANTM, Survivor, Bachelor, allt lét hann þetta yfir sig ganga án þess að malda í móinn meðan harðstjórnin skipti án miskunnar um stöð. Upp á síðkastið hefur gætt vissrar uppreisnar fyrir framan skjáinn. Mótmæli karlsins sem hafa til þessa verið veigalítill eru allt í einu orðin háværari og harðstjórnin farinn að ókyrrast og óttast að missa yfirráðin yfir fjarstýringunni. Án þess að geta rönd við reist hefur sjónvarpsefni á borð við Brainyac, motorsport og box brotið sér leið inn í dagskrá heimilisins. Ekki veit ég hvort það er þannig með fleiri harðstjóra en mig, en samviskubitið yfir óbilgirninni í gegnum tíðina nagar mig innan sem verður til þess

að varnirnar eru litlar þegar múgurinn gerir uppreisn. Því hefur lítið verið um mótmæli af minni hálfu þó ég missi af nokkrum ómerkilegum veruleikafirrtum þáttum í skiptum fyrir óáhugaverða kappakstursþætti. Það sem hins vegar kom hárunum á harðstjórnunum til að rísa var þegar karlinn vogaði sér á dögunum að ráðast á hið allra heilagasta: Gray's Anatomy. Sumir þættir eru nefnilega bara heilagir. Ég fékk vissulega að horfa á minn uppáhaldsþátt frá upphafi til enda og karlinn sat og fylgdist með annars hugar. Þegar kom að lokum þáttarins og ég fylgdist spennit með því hvernig Izzie Stevens kyssti dauðan kærasta sinn afturgenginn gat karlinn ekki haldið aftur af sér lengur. „Er þetta nú komið út í algera vitleysu? Hvað ertu eiginlega að horfa á?“ Hann fékk illt auga að launum og var tjáð að maður sem ekki hefði smekk á myndum á borð við Batman hefði ekki atkvæðarétt.



EKKI MISSA AF



► 12.05 Ísland - Svíþjóð, beint STÖÐ 2 SPORT



► 19.55 Sjálfstætt fólk STÖÐ 2



► 20.20 Sommer SJÓNVARPIÐ



► 20.50 My Boys STÖÐ 2 EXTRA



► 21.00 Law & Order. SVU SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstudningur okkar Í næturgarði, Róbert bangsi, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar Goggi, Sigga ligga lá og Danni.

11.05 Svava Heimildarmynd um Svövu Jakobsdóttur rithöfund. (e)

12.00 Kjötborg (e)

12.45 Dieter Roth (e)

14.35 Everest - Læknar í lífsháska

15.30 Martin læknir (Doc Martin) (7:7)

16.20 Fjórar konur og einn karl (Fyra fruvar och en man) (e)

17.20 Táknálsfréttir

17.30 Leynivínurinn

17.45 Litli draugurinn Labbi (2:6)

18.00 Stundin okkar

18.25 Jólamessan Leikin íslensk sjónvarpsmynd sem gerist í samtíma okkar um aldraðan prest í smábæ sem á skammt eftir ólífað. Hann vill því gera sína síðustu jólamessu bæjarbúum eftirminnilega. (e)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Allar mættar

► 20.20 Sommer (Sommer) (10:10)

21.25 Svartur eins og sótari (Neger, Neger, Schornsteinfeger) (1:2) Þýsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum byggð á æskuminningum Hans Jürgen Massachussetts sem var einn fára þeldökra þjóðverja á tímum nasista.

22.55 Kókaínúrekar (Cocain Cowboys) Bandarísk heimildamynd frá 2006. (e)

00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárflok

BÍÓ

08.00 Garfield 2

10.00 P.S.

12.00 Ray - A Gospel Christmas

14.00 Heading South

16.00 Garfield 2

18.00 P.S. Rómantísk gamanmynd um Louise sem er fertug og fráskilin þegar hún kynnist mun yngri manni sem hún heillast af.

20.00 Ray - A Gospel Christmas

22.00 Employee of the Month

00.00 Le petit lieutenant

02.00 The Exorcism of Emily Rose

04.00 Employee of the Month

06.00 Irresistible

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Kalli á þakinu og Gulla og grænjaxlarnir.

08.00 Algjör Sveppi Lalli, Áfram Diego Afram!, Svampur Sveinsson og Könnuðurinn Dóra.

09.30 Stóra teiknimyndastundin

09.55 Adventures of Jimmy Neutron

10.20 Like Mike 2. Streetball

12.00 Sjálfstætt fólk

12.35 Neighbours

12.55 Neighbours

13.15 Neighbours

13.40 Amazing Race (1:13)

14.30 Tim Gunn's Guide to Style (2:8)

15.20 Gossip Girl (14:18)

16.10 Monk (16:16)

17.00 Logi í beinni

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Veður

19.10 60 mínútur Glænýr þáttur í virtustu og vinsælastu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni liðandi stundar.

► 19.55 Sjálfstætt fólk (15:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknnum sínum í eftirlætisviðtalssætti þjóðarinnar.

20.30 Cold Case (1:23)

21.15 Mad Men (3:13) Þáttaröð sem gerist snemma á 7. áratugnum í New York, nánar tiltekið á Madison Avenue þar sem þá var miðstöð bandaríska auglýsingafransans. Á þessum tíma var karlaveldið allsráðandi, hrokinn og sjálfsdyrkunin dyggð og þeir náðu lengst sem best kunnna að svikja og þetta. Hlutverk kvenna var skýrt; þær voru húsmæður, einkaritarar eða hjákonur.

22.00 Cold Blood Bresk sakamála mynd með stórleikurunum John Hannah og Jemmu Redgrave í aðalhlutverkum. Ungur maður var ákærður fyrir morð en fær uppreisn æru þegar dómnum er hnekk. Rannsóknarlögryðan Eve Granger rannsakar nú málið á ný og fær til þess aðstoð raðmórðingja sem er á bak við lás og slá.

23.10 Journeyman (12:13)

23.55 Hawaii, Oslo

01.55 Sally Lockhart Mysteries

03.30 Cold Case (1:23)

04.15 Cold Blood

SPORT

besta sætið

07.40 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

08.10 Spænski boltinn Útsending frá leik Barcelona og Mallorca.

09.50 Enska bikarkeppnin Útsending frá leik Hull og Newcastle.

11.30 FA Cup - Preview Show Hitað upp fyrir elstu og virtustu bikarkeppni í heimi.

► 12.05 Ísland - Svíþjóð Bein útsending frá leik Íslendinga og Svía í handbolta á æfingamóti sem fer fram í Svíþjóð.

13.45 Enska bikarkeppnin Bein útsending frá leik Gillingham og Aston Villa.

15.25 NFL deildin Þáttur þar sem hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilinn.

15.55 Enska bikarkeppnin Bein útsending frá leik Southampton og Man. Utd.

18.00 NFL deildin Bein útsending frá leik Miami og Baltimore í NFL deildinni.

21.00 Ísland - Svíþjóð

22.35 F1. Annáll 2008 Árið 2008 gert upp í Formúlu 1 kappakstrinum.

23.35 NFL deildin Útsending frá leik Miami og Baltimore í NFL deildinni.

SPORT 2

enski boltinn

12.25 PL Classic Matches Leeds - Newcastle, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

12.55 PL Classic Matches Charlton - Man Utd, 00/01.

13.25 PL Classic Matches Liverpool - Newcastle, 00/01.

13.55 Masters Football UK Masters cup er vinsæl mótarið en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu gærðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

16.10 Premier League World 2008/09 Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

16.40 PL Classic Matches Man. United - Arsenal, 01/02.

17.10 PL Classic Matches Everton - Man United, 03/04.

17.40 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

18.35 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Bolton.

20.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Stoke og Man. Utd.

21.55 Masters Football

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

12.20 Vörutorg

13.20 Rachael Ray (e)

14.05 Dr. Phil (e)

14.50 Dr. Phil (e)

15.35 Skrekkur 2008 (e)

17.40 Innlit / útlit (14:14) (e)

18.30 Frasier (24:24) (e)

18.55 The Bachelor (4:10) (e)

19.45 America's Funniest Home Videos (39:42) Bráðskemmtilægur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

20.10 Are You Smarter Than a 5th Grader? (20:27) Bráðskemmtilægur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólalárnanna en þær geta vafist fyrir fullorðnum eins og sannaðist í íslensku þáttunum.

► 21.00 Law & Order. Special Victims Unit (21:22) Bandarísk sakamálaerátt um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakir kynferðisglæpi. Unglingspiltur deyr í „þykjustuslag“ við besta vin sinn. Upptaka er til af slagnum en málið tekur óvænta stefnu og ekki er allt sem sýnist.

21.50 Dexter (8:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgans sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Miguel bendir Dexter á nýtt fórnarlamb og nú vill hann taka þátt í morðinu. Rita er með áhyggjur og Debra grefur upp leyndarmál.

22.40 The Dead Zone (3:12) (e)

23.30 Sugar Rush (8:10) Bresk þáttaröð um samkynhneigða unglingsstúlku og þá erfiðleika sem fylgja því að vera ung, gróð og lesbísk í nútímasamfélagi. Nathan finnst Kim vera búin að missa stjórn á lífi sínu og ákveður að treysta fjölskylduböndin.

00.00 Vörutorg

01.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku Endurtekið á kfst. fresti

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15



Dagskrá allan sólarhringinn.

Útsalan hefst 5. janúar

verðlistinn

v/laugalæk • sími: 553 3755

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

Cold Case

Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda þar áfram að upplýsa sakamálm sem stungið hefur verið óupplýstum niður í skjalakassann. Í þessum fyrsta þætti finnur maður hlut sem varpar nýju ljósi á morð sem framið var á fótboltastrjórnari í menntaskólanum sem hann var í árið 1973. Niðurstaða upphaflegrar rannsóknar var sú að fórnarlambið hefði verið myrt á föstudegi en nýju sönnunargögnum sýna fram á allt annað.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Allar mættar

Sjónvarpið kl. 19.40

Heimildarmyndin Allar mættar segir frá hóp kvenna í Reykjavík sem hefur í viku hverri í hálfu öld hist til þess að dansa og gera líkamsæfingar. Ástbjörg Gunnarsdóttir leikfímikennari stofnaði hópinn árið 1959 fyrir heimavinnandi húsmæður, og eru margar af konunum sem byrjuðu í hópnunum í upphafi enn þá virkar í honum. Myndina gerði María Guðmundsdóttir og höfundur handrits er Vigdís Grímsdóttir.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árlo dags

06.40 Veðurfregni

07.05 Morgunandakt

08.00 Morgunfréttir

08.05 Ársól

09.03 Lárétt eða lóðrétt

10.05 Veðurfregni

10.15 Æ, sálir tvær ég byrgi í brjósti mér

11.00 Guðspjónusta í Seljakirkju

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregni

13.00 Jón lærdi

14.00 Útlarpóleikuhúsið: Rödd án líkama

15.00 Djasskvíss á Jazshátíð

16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfregni

16.10 Úr tónlistarlífinu

17.30 Úr gullkistunni

18.00 Kvöldfréttir

18.24 Auglýsingar

18.26 Seiður og hólóg

18.50 Dánarfregni

19.00 Óskastundin

19.40 Öll þau klukkaköll

20.20 Góða veislu gjöra skal

21.10 Orð skulu standa

22.07 Veðurfregni

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Til allra átta

23.00 Andarímur

00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (91:260)

16.25 Hollyoaks (92:260)

16.50 Hollyoaks (93:260)

17.15 Hollyoaks (94:260)

17.40 Hollyoaks (95:260)

18.00 Seinfeld (13:24)

18.25 Seinfeld (14:24)

18.50 Seinfeld (23:24)

19.15 Seinfeld (24:24)

19.40 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjómur eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

20.05 ET Weekend Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

20.50 My Boys (13:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttblaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlheimi.

21.15 Justice (12:13) Spennandi lögræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer(CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttir lögræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.

22.00 Seinfeld (13:24)

22.25 Seinfeld (14:24)

22.50 Seinfeld (23:24)

23.15 Seinfeld (24:24)

23.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

18.00 Hrafnáping Ingvi Hrafn Jónsson

19.00 Hrafnáping Ingvi Hrafn Jónsson

20.00 Sportið mitt Sigurður Ingvi Vilhjálmsson og Sverrir Júlíusson.

21.00 Hrafnáping Ingvi Hrafn Jónsson

22.00 Hrafnáping Ingvi Hrafn Jónsson

23.00 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir.

23.30 Frumkvöðlar Elinóra Inga Sigurðardóttir.

DR 1

10.00 Verdens morsomste mand 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 Boxen 11.20 Boogie festival special 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 DR1 dokumentar - Fra Thy til Thailand 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Peter Pedal 16.50 Gurli Gris 17.00 Når chimpansen takker af 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.05 Bjørnemanden fra Kamtjatka 19.00 Livvagterne 20.00 21 Søndag 20.35 SportNyt 20.45 Columbo. Med på legen 22.15 En sag for Frost

NRK1

09.45 V-cup kombinert 10.30 Sport i dag 11.25 V-cup kombinert 12.00 Tour de Ski 12.40 Hoppuka 14.30 Tour de Ski 15.30 V-cup alpint 16.00 Sport i dag 16.30 Åpen himmel 17.00 Emil i Lønneberg 17.30 Ansikt til ansikt 18.00 Dagsrevyen 18.30 Sportsrevyen 19.00 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 19.30 Olje! 20.25 Margaret Thatchers vei mot makten 21.50 Billedbrev fra Latin-Amerika 22.00 Kveldsnytt 22.15 Gode ekteskap begynner med tårer 23.05 Pusher 2

1* SVT 1

10.20 Falkenbergsvyn 11.20 Dom kallar oss artister 11.50 Längdskidor 13.20 Kören - killar sjunger inte 14.20 Längdskidor 15.35 Bang och världshistorien 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regional årskrönika 18.10 Konst som retat många 18.15 Infor Idrottsgalan 2009 18.30 Rapport 18.45 Minnenas television 19.00 Solens mat 19.30 Sportspegeln 20.00 Galen i kärlek 22.05 I Robert Johnsons fotspår 23.00 Rapport årskrönika 00.00 Sändningar från SVT24

Viltu vera í Hressa liðinu?



13kg
farin

Konur áttak

Lokaðir tímar í allsherjar 8 vikna heilsuáttaki. Góður árangur. Mikið aðhald og fræðsla.

Karlar áttak

Lokað námskeið í átta vikur. Uppbygging og árangur sem þú býrð að alla æfi.

Námskeiðin hefjast 12. janúar
8 vikna námskeið

Verð kr. 22.990.- 3 x í viku

Verð fyrir korthafa kr. 12.000.-

Verð kr. 16.990.- 2 x í viku

Verð fyrir korthafa kr. 8.000.-

14kg
farin



Kroppar og kríli

Aðhaldsnámskeið fyrir konur, mælingar og fræðsla. Velkomið að taka börnin með sem mæðurnar sinna ef þörf krefur. 8 vikur 3 x í viku.

Pilates Classic

Þetta æfingakerfi er eitt það vinsælasta í heiminum í dag. Engin hamgangur og læti, en virkilega vel tekið á. 8 vikur 3 x í viku.

Rope Yoga

Eykur orku, brennslu og grunnstyrk. Bætur, liðleika, súrefnisupptöku og blóðflæði. 8 vikur 3 x í viku.

60 plús

Tímar fyrir konur 60 ára og eldri sem vilja aukna orku, jafnvægi, styrk og þol. Sérniðnar æfingar við léttu tónlist í góðum félagskap. 8 vikur 2 x í viku.

Tækjapjálfun

12-16 ára strákar

Þjálfun fer að mestu fram í tækjasal. Niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ. Námskeiðið eflir áhuga á heilsurækt. 12 vikur 3 x í viku.

Pölfimi 10-12 ára stúlkur

Krefjandi og skemmtileg námskeið. Kynntar allar vinsælastu þjálfunarleiðir Hress: Les Mills tímar ofl. ofl. 12 vikur 3 x í viku. Niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

Pölfimi 13-16 ára stúlkur

Krefjandi og skemmtileg námskeið. Kynntar allar vinsælastu þjálfunarleiðir Hress: Les Mills tímar ofl. ofl. 12 vikur 3 x í viku. Niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

FitKid 8-17 ára

„FitKid“ er alþjóðleg íþróttagrein fyrir ungt fólk frá 8-17 ára. Á æfingunum er blandað saman fimleikum, dansi og þölfimi og þátttakendur læra samsetningar sem innihalda styrktar-, liðleika-, tjáningar- og stökkatriði. 16-20 vikur 3 x í viku.

Með námskeiðum í Hress fylgir aðgangur að sundmiðstöðinni Ásvöllum, tækjasölum og öllum opnum tímum*.

*Aðgangur að tækjasal og opnum tímum gildir fyrir 16 ára og eldri.

HRESS

Dalshrauni 11, Hafnarfirði, sími 565 2212, Ásvöllum 2, Hafnarfirði, sími 565 2712 hress@hress.is www.hress.is

HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég er náttúrulega að springa úr stolti. Hann hefur alltaf verið efnilegur. Alveg frá því hann var fjögurra ára ætlaði hann að vera eins og Giggs í United en núna er hann kominn í Liverpool og það er ekkert verra.“

Asta Marta Róbertsdóttir, móðir Guðlaugs Victors Pálssonar, sem hefur verið seldur til enska knattspyrnuliðsins Liverpool.

HIN HLÍÐIN JÓHANNES KJARTANSSON, GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR OG LJÓSMYNDARI

Allt annað en peningar er mikilvægast

Hvað er að fréttu? Allt flott að fréttu. Var að fá 27 ljósmyndir birtar á þremur síðum í VICE Magazine við ljóð um Ísland eftir Eileen Myles og árið 2009 leggst afspyrnuvel í mig.

Augnlitur: Gráblár.

Starf: Grafískur hönnuður hjá Jónsson & Le'macks og The Reykjavík Grapevine, ljósmyndari öllum öðrum stundum.

Fjölskylduhagir: Barnlaus og billaus.

Hvaðan erstu? Fæddur í Reykjavík, getinn í París.

Ertu hjátrúarfullur? Já.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Hörð samkeppni milli Dexters, Mad Men og Californication.

Uppáhaldsmatur: Gottapylsur og roastbeef-samlökur á la Jumbó.

Fallegasti staðurinn: Hrísey er perla Eyjafjarðar og Manhattan Akureyrar.

Ipd eða geislaspilari? Spilastokkurinn er ágætur.

Hvað er skemmtilegast? Að ferðast og skemmta sér í góðra vana hópi.

Hvað er leiðinlegast? Að bíða á rauðu ljósi.

Helsti veikleiki: Filmur, framköllun og óstundvís.

Helsti kostur: Jákvaðni.

Helsta afrek: Að hafa komist fram fyrir röðina á David Attenborough-fyrirlesturinn í Salnum í Kópavogi.

Mestu vonbrigðin: Að hafa misst af Justice og félögum spila í Madison Square Garden vegna þess að ég mætti á „Íslenskum“ tíma.

Hver er draumurinn? Að lífa eins og James Bond, með leyfi til að skjóta... myndir.

Hver er fyndnastur? Gummi bróðir með byssurnar sínar.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Áhrifaþólf á Íslandi sem kann ekki að skammast sín og axla ábyrgð á mistökum. Fjármálaóveðrið kom ekki með Golfstraumnum.

Hvað er mikilvægast? Allt annað en peningar.



FRÉTTIR AF FÓLKI



Fréttablaðið birti í gær frétt um að hátt í tuttugu stórstjórnur hafi ruðst inn í stúdíó Rásar 1 þar sem verið var að taka upp áramótátt Orð skulu standa í umsjá **Karls Th. Birgissonar**. Þarna voru, að sögn Karls,

Kári Stefánsson, Ármann Jakobson, Bubbi, Megas, Björn Jörundur, Egill Ólafsson og Jakob Frimann auk þeirra Guðbergs Bergssonar og Þórarins Eldjárnar – svo aðeins fáeinir séu nefndir. Karli láðist að taka það fram að þarna voru eftirhermunar Karl Órvarsson og Freyr Eyjólfsson sem brugðu sér í allra kvikinda líki og eru lesendur beðnir velvirðingar á því. En það má víst flest um áramót.

Í Skaupinu fór Jón Gnarr með hlutverk reiðs manns sem gerir skilti með áletrunni Helvítis foking fukk! Fyrirmynd þessa mótmælenda heitir Gunnar og hefur oft sést með hið skorinorða skilti sitt í mótmælhrinunni í miðbænum. Gunnar segir að hugarheimur Jóns Gnarrs í atriðinu hafi ekki verið fjarri sínum eigin þegar hann bjó til skiltið. Gunnar



hefur mörg járn í eldnum fyrir utan snaggaralega skiltagerð og hefur búið til sérstakt Haarde-vodka. Það er rótsterkt og vel til þess fallið að styrkja baráttuandann, en aðeins útvaldir fá að dreypa á því.

- jbg, drg



ÍSLENSKIR RITHÖFUNDAR: Á ANNAÐ HUNDRAÐ ÚTGÁFUSAMNINGAR ERLENDIS Á SÍÐASTA ÁRI

Rithöfundar eru nýju útrásarvíkingarnir

Íslensk skáldverk voru í mikilli útrás á árinu sem var að líða. Bókaútgefendur gerðu vel á annað hundrað útgáfusamninga við erlendar útgáfur og því ættu aðdáendur íslenskrar bókmenntahefðar að geta nálgast íslensk skáldverk með fremur auðveldum hætti í útlöndum. Ólíkt því sem menn kynnu að halda er hér ekki um að ræða einsleitan hóp nágrannahjóna heldur voru gerðir samningar við fjarlæg lönd á borð við Kóreu, Kína og Indland.

Kristján Kristjánsson hjá Uppheimum gerði samning við þýska forlagið btb um útgáfu á tveimur bókum glæpasagnahöfundarins Ævars Arnar Jósefssonar. Annars vegar Sá yðar sem syndlaus er og hins vegar Land tækifæranna sem kom út fyrir þessi jól. Kristján segir þýska útgefendur vera sérlega áhugasama um íslenskar bækur um þessar mundir og vitað er af áhuga þeirra á öðrum rithöfundum forlagsins. Kristján taldi hins vegar ekki tímabært að opinbera hverjir þeir væru.

Pétur Már Ólafsson hjá Veröld stóð í ströngu allt síðasta ár vegna útgáfumála Yrsu Sigurðardóttur á erlendum vettvangi. Nýjasta bók Yrsu, Auðnin, var seld til þýska forlagsins Fischer Verlag auk þess sem samið var um útgáfurétt til erlendra aðila á nokkrum af hennar eldri bókum. „Til gamans má geta að Þriðja táknið kemur út í kilju í Bretlandi nú í byrjun janúar,“ segir Pétur en Veröld gekk frá alls sjö útgáfusamningum á bókum Yrsu á árinu sem var að líða.

Stærsta forlag landsins, Forlagið, stóð í stórræðum þetta árið. Gengið var frá 130 útgáfusamningum við erlend forlög á árinu 2008. Langfyrirferðarmestur á þeim lista er Arnaldur Indriðason en alls voru gerðir 36 samningar um hvers kyns útgáfu á bókum hans. Þar má meðal



NÝJA ÚTRÁSIN

Rithöfundar eru ef til vill hinir nýju útrásarvíkingar en hátt á annað hundrað útgáfusamninga voru gerðir á árinu sem var að líða. Um 36 samningar voru gerðir um hvers kyns útgáfu á bókum Arnaldar Indriðasonar og hinn þýski armur Random House, btb, tryggði sér útgáfuréttinn að þremur nýjum íslenskum skáldverkum; Vetrarsól eftir Auði Jónsdóttur, Skapanum eftir Guðrínu Evu Mínervudóttur og Landi tækifæranna eftir Ævar Örn Jósefsson.

annars nefna hljóðbækur á þýsku, stafrænt niðurhal og útgáfu á bókum rithöfundarinnar fyrir sjónþapra. Af öðrum stórum samningum má nefna að samið var fyrir hönd rithöfundanna Auður Jóns-

dóttur og Guðrúnar Evu Mínervudóttur við þýska rísann btb um útgáfu á bókum þeirra Vetrarsól og Skaparinn. Þar að auki má nefna að þýska forlagið Bloomsbury Kinderbuch Verlag tryggði sér útgáfu-

réttinn að barna- og unglíngabókinni Garðurinn eftir Gerði Kristnýju og franska forlagið Métalié keypti útgáfuréttinn að bók Árna Þórarinnssonar, Dauða trúðsins.

freyrgjiga@frettabladid.is

Fiskbúin Hafrún hefur opnað aftur!

Höfum opnað glæsilega fiskbúð í Skipholti 70, ferskleiki og gött verð er okkar aðalsmerki. Frábær þjónusta með alvöru fiskisölum.

Fiskbúin Hafrún s. 553 0003

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

Ólafur himinlifandi með Skaupið

„Það var nú kvartað undan því á mínu heimili að Kjartan [Guðjónsson] hefði mátt vera bragglegri og myndarlegri. En annars var ég mjög sáttur við Skaupið; það besta í áraáðir,“ segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins. Ólafur segist ekki hafa undirbúið sig eitthvað sérstaklega undir Skaupið, hann sé með fínt sjálfstraust og samviskuna í lagi á nýju ári.

Eins og frægt er orðið var Ólafur ákaflega ósáttur við umfjöllun Spaugstofunnar um sig og sína persónu í frægum þætti um borgarstjórnarmálin. En nú var annað uppi á teninginum og Ólafi þótti Skaupið alveg ótrúlega gott. Og þá sérstaklega sá kafla sem laut að borgarstjórnarmálanum en hann var nefndur „Gauragangur í borginni“. „Ég er nú vanur því að vera sýndur sem einhver fátálingur en þarna fannst mér skína í gegn hverjir væru hinir raunverulegu fátálingar,“ segir Ólafur og vísar þar á Sjálfstæðisflokkinn. Og borgarstjórnarfulltrúinn



FLOTT GRÍN Ólafur var ákaflega sáttur með Skaupið; fjölskyldan hefði þó viljað sjá Kjartan aðeins bragglegri og myndarlegri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

telur Skaupið hafa verið gert af meiri fagmennsku en mörg undanfarin ár. „Þarna voru fantagóðir leikarar og augljóslega mikið lagt í verk. Og þegar upp er staðið

þá skilaði ádeilan sem alltaf fylgir gríni því að fólk í borginni sá að Sjálfstæðisflokkurinn er hinn raunverulegi fátálingur,“ segir Ólafur.

- fgg

25% afsláttur af öllum húsgögnum

Opið í dag frá kl. 13-16

Mikið úrval!

Val húsgögn

Armúla 8 - 108 Reykjavík Sími 581-2275 ■ 568-5375

Framlengjum útsölna!

4 fyrir 2

Útsöllumarkaður Grensásvegi 15

Tökum upp nýjar vörur daglega!
40-70% afsláttur

Ódýra fikurnar fylgja með.

OPNUNARTÍMI

Mánudaga - Laugardaga: 11-18 // Sunnudaga: 12-17

NOA[®]
NOA

next



BAKÞANKAR
Davíðs Þórs
Jónssonar

Sátt um samstöðu

Áramótaboðskapur helstu þjóðarleiðtoganna var að hér á landi þyrfti sátt um samstöðu. Eða var það samstaða um sátt? Ég man ekki hvor klisjan var höfð á undan. En þessi boðskapur hljómaði býsna vel alveg þangað til maður fór að hugsa um hann. Sennilega hefði verið mun auðveldara að byrja manni þetta inn hefði maður ekki verið nýbúinn að horfa á innlendan fréttánnál ársins.

ÉG hafði nefnilega steingleymt því hvað það voru framin mörg minniháttar bankarín á síðasta ári. Mánaðarlega hafði eitthvert greyð þust inn í bankaútibú vopnað hamri, kúbeini eða dúkahníf til að fjármagna fíkn sína eða gera upp skuld við undirheimalýð. Þegar best tókst til nam uppskeran af þessari aðferð við að ræna banka einni milljón króna. Varla hefur neinn trúað því í alvörunni að hann kæmist upp með þetta. Af tvennu illu hafa afleiðingar bankarínsins líklega aðeins verið fýsilegri kostur en hinn, að standa ekki í skilum.

Í ENGU þessara tilfella var talað um sátt eða samstöðu. Þvert á móti var boðskapurinn að þetta yrði ekki liðið, glæpamaðurinn skyldi nást og þýfið endurheimt. Engum datt í hug að þjóðin í heild sinni hefði tekið þátt í ráðinu og þaðan af síður var talað um að ekki mætti persónugera vandann sem peningahvarfið skapaði. Í einu tilfelli var meira að segja kallað á þyrlu til að leita að persónunni sem gerði þetta úr lofti. Hún hafði falið sig í gjótu úti í hrauni í Hafnarfirði. Þegar ekki er hlaupið með hundræð þúsundkalla út úr bönkum eftir að hafa ógnað afkomu blásaklauss fólks heldur milljarða, ef ekki tugi milljarða, er hins vegar gapað á sátt um samstöðu. Annað hvort það eða samstöðu um sátt. Ekki er hægt að kalla út þyrlu til að hafa uppi á þjófunum, enda leynast þeir ekki í hraungjótum suður í Hafnarfirði heldur á suðurhafseyjunni sem hentar skattframtalinu þeirra best.

ÞEGAR ógæfumaður beitir klaufhamri eða kúbeini til að fjarlægja peninga sem hann á ekkert í úr banka ríkir aðeins sátt og samstaða um að draga hann til ábyrgðar fyrir athæfið. Eðlilega. Það verður að gilda um alla bankaræningja, óháð upphæð, óháð aðferðum, óháð fíkninni sem verið er að fjármagna. Sáttur yrði ég við samstöðu um það. Því miður held ég að landsfeðurnir hafi verið að meina eitthvað annað.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 4. janúar, 4. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.15	13.32	15.51
Akureyri	11.27	13.17	15.08

Heimild: Almanak Háskólans



Sumarið lítur vel út!

Við erum byrjuð að plana næsta sumar

Næsta sumar býður Iceland Express flug til fjölda spennandi áfangastaða vítt og breitt um Evrópu. Bókaðu spennandi sumarferð fyrir þig og þína á www.icelandexpress.is!

Iceland Express með ánægju